



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð
Í félagsráðgjöf til starfsréttinda**

**„Gleði, þú veist bara mjög mikla gleði“
Matsrannsókn á úrræðinu Vopnabúrið**

Ólöf Pétursdóttir

Leiðbeinandi: Erla Björg Sigurðardóttir, lektor
Nóvember 2022



HÍ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

**„Gleði, þú veist bara mjög mikla gleði“
*Matsrannsókn á úrræðinu Vopnabúrið***

Ólöf Pétursdóttir

120591-2239

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda

Leiðbeinandi: Erla Björg Sigurðardóttir, lektor

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 30 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Nóvember 2022

„Gleði, þú veist bara mjög mikla gleði“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu við Félagsráðgjafardeild
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ólöf Pétursdóttir, 2022

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2022

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja árangur Vopnabúrsins, sem er úrræði fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Tilgangurinn var að varpa ljósi á úrræðið sem hefur það að leiðarljósi að bæta félagslega stöðu notenda þess. Leitast var við að skoða hvernig úrræðið mætir þörfum barna með fjölþættan vanda og út frá hvaða aðferðum eða hugmyndafræði er unnið. Einnig var reynt að fá innsýn í reynslu og upplifun barnanna af úrræðinu. Rannsókninni var ætlað að leggja mat á hvort þjónustan og skipulag Vopnabúrsins sé í samræmi við markmið og hugmyndafræði úrræðisins og hvort það mæti þörfum notenda. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við notendur Vopnabúrsins um reynslu og upplifun þeirra af úrræðinu ásamt upplýsingaviðtali við stjórnanda þess.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna jákvætt viðhorf notenda Vopnabúrsins til þess. Þarfir notenda eru misjafnar og hver og einn hefur ólík markmið og þætti sem ætlað er að bæta í lífi hans. Fyrri rannsóknir sýna að börn með fjölþættan vanda þurfa sérhæfða og fjölþætta þjónustu sem miðar að samþættingu allra þjónustuþarfa. Hægt er að álykta að þörfum þeirra sé mætt í Vopnabúrinu meðan á meðferðinni stendur þar sem notendur fá að vera með í ákvarðanatöku. Áætlanir barnanna í úrræðinu eru einstaklingsmiðaðar og eru gerðar í samvinnu við þau eftir þörfum hvers og eins.

Niðurstöðurnar benda til þess að skipulag úrræðisins sé í samræmi við markmið þess. Markmið Vopnabúrsins er að leggja áherslu á grunnngildi einstaklingsins um svefn, næringu og hreyfingu og ná þar með betri tókum á öðrum þáttum eins og námi, félagslífi og tómstundum. Þær aðferðir sem beitt er í úrræðinu fela í sér að efla félagslega virkni, finna styrkleika notenda og byggja undir þá, efla sjálfstraust og sjálfsmýnd ásamt leið til sjálfshjálpar. Í samræmi við þær aðferðir er hugmyndafræði félagsráðgjafar um að mæta notandanum þar sem hann er staddur með valdeflingu og heildarsýn að leiðarljósi.

Lykilorð: Félagsráðgjöf, fjölþættur vandi, börn og ungmenni

Abstract

The aim of the study was to map the results of Vopnabúrið, which is a resource for children and adolescent with co-occurring disorder. The purpose was to shed light on the resource whose guiding principle is to improve the social status of users in society. An attempt was made to examine how the resource meets the needs of children with aphasia and from which methods or philosophy it works. An attempt was also made to gain insight into the children's experience of the resort. The research was intended to assess whether the service and organization of Vopnabúrið is in accordance with the aims and philosophy of the resource and whether it meets the needs of the users. Semi-standard interviews were conducted with the clients of Vopnabúrið about their experiences at the resort, together with an informational interview with the manager of the resort.

The main results of the study show a positive attitude of the users of Vopnabúrið to the resort. The needs of users are different and each one has different goals and aspects intended to improve their lives. Previous studies show that children with co-occurring disorder need specialized and multi-faceted services aimed at integrating all service needs. It can be concluded that their needs are met in the Vopnabúrið during the treatment, where users are allowed to participate in decision making. The plans for the children in the resort are individualized and are made in cooperation with them based on the needs of each individual. The results indicate that the organization of the resort is in accordance with its objectives.

The aim of Vopnabúrið is to emphasize the basic values of the individual about sleep, nutrition and exercise and thereby gain a better grip on other aspects such as studies, social life and leisure. The methods used in the resource include promoting social activity, finding the strengths of the users and building on them, promoting self-confidence and self-image as well as help for self-help. In accordance with those methods, the philosophy of social work is to meet the user where he is with empowerment and a holistic vision as a guide.

Key words: Social work, co-occurring disorder, children and adolescent

Formáli

Ritgerð þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands. Ég var í starfsnámi í Vopnabúrinu, sem er úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda, haustið 2021. Þar sem ég hef áhuga á málefnum barna var námstíminn hjá úrræðinu afar lærdómsríkur og áhugaverður. Í kjölfarið kviknaði hugmyndin að viðfangsefni rannsóknarinnar og tekin var ákvörðun um að meta árangur Vopnabúrsins frá sjónarhorni skjólstæðinganna. Ég vil byrja á að þakka þátttakendum rannsóknarinnar fyrir áhugann og að vilja deila með mér reynslu sinni. Birni Má Sigurbjörnssyni Brink þakka ég kærlega fyrir aðstoðina og gott samstarf ásamt því að treysta mér til að rýna inn í Vopnabúrið sem er hugarfóstur hans. Ritgerðin var skrifuð undir leiðsögn Erlu Bjargar Sigurðardóttur, lektors við félagsráðgjafardeild. Ég færi henni mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Ég þakka foreldrum mínum, Kristínu Ármannsdóttur og Pétri Þorsteinssyni, fyrir mikla hvatningu, ómetanlegan stuðning og aðstoð í gegnum námið. Einnig þakka ég ömmu minni, Jónínu Hafsteinsdóttur, kærlega fyrir yfirlestur þessarar ritgerðar. Að lokum þakka ég dóttur minni, Lovísu Rán, fyrir mikla þolinmæði en hún hefur verið drifkraftur minn á námstímanum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	7
Abstract.....	8
Formáli	9
Efnisyfirlit	10
Töfluskra	12
Myndaskra.....	13
1 Inngangur.....	14
1.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar.....	15
1.2 Uppbygging ritgerðar.....	16
2 Kenningar og hugmyndafræði	17
2.1 Vistfræðikenning Bronfenbrenners	17
2.2 Tengslakenningar.....	19
2.2.1 <i>John Bowlby</i>	19
2.2.2 <i>Mary Ainsworth</i>	21
2.3 Félagsauður	22
2.4 Valdefling.....	25
3 Fræðileg umjöllun	28
3.1 Fjölpættur vandi	28
3.1.1 <i>Proskahömlun</i>	31
3.1.2 <i>Geðræn vandkvæði</i>	32
3.1.3 <i>Greiningarkerfi</i>	33
3.2 Áhættuhegðun	34
3.3 Forvarnir og verndandi þættir	36
4 Þjónusta við börn og ungmenni með fjölpættan vanda.....	38
4.1 Réttindi barna samkvæmt íslensku lagaumhverfi	38
4.2 Snemmtæk íhlutun	39
4.2.1 <i>Samþætting þjónustu</i>	40
4.2.2 <i>Þjónusta á vegum ríkisins</i>	41
4.3 Barnavernd	42
4.3.1 <i>Úrræði barnaverndar</i>	45
4.4 Stuðningsþjónusta	49
4.4.1 <i>Stuðningsþjónusta sveitarfélaganna</i>	49

4.5 Vopnabúrið.....	50
5 Aðferð.....	52
5.1 Matsrannsókn.....	52
5.2 Eigindleg aðferðarfræði.....	53
5.3 Þátttakendur.....	54
5.4 Gagnaöflun og framkvæmd.....	54
5.5 Siðferðisleg álitamál og takmarkanir.....	55
6 Niðurstöður.....	57
6.1 Framkvæmd Vopnabúrsins.....	57
6.1.1 Notendur og inntaka í úrræðið.....	58
6.1.2 Dagskrá.....	58
6.1.3 Hugmyndafræði.....	59
6.1.4 Viðbrögð foreldra.....	60
6.1.5 Eftirfylgd.....	60
6.2 Þjónustubættir.....	61
6.2.1 Matstæki.....	61
6.3 Upplifun notenda.....	62
6.3.1 Fyrirkomulag.....	62
6.3.2 Stuðningur.....	63
6.3.3 Líðan.....	64
6.3.4 Viðhorf.....	65
7 Umræða.....	66
7.1 Viðhorf notenda til úrræðisins.....	66
7.2 Þarfir notenda.....	67
7.3 Skipulag úrræðisins.....	68
7.4 Aðferðir úrræðisins.....	69
8 Lokaorð.....	70
Heimildaskrá.....	71
Viðauki 1 – Kynningarbréf.....	81
Viðauki 2 – Viðtalsvísir – Upplýsingaviðtal við framkvæmdarstjóra Vopnabúrsins.....	82
Viðauki 3 – Viðtalsvísir þátttakanda.....	83
Viðauki 4 – Upplýst samþykki þátttakanda.....	84
Viðauki 5 – Upplýst samþykki til forsjáraðila þátttakanda.....	85

Töfluskra

Tafla 1. Tilkynningar til barnaverndar eftir landsvæðum (Barnaverndarstofa, 2022-a)	43
Tafla 2. Ástæður tilkynninga til barnaverndar milli ára (Barnaverndarstofa, 2022-a)	44
Tafla 3. Fjöldi barna á Stuðlum (Barnaverndarstofa, 2021)	48
Tafla 4. Þjónustuþættir Vopnabúrsins.....	61

Myndaskrá

Mynd 1. Vistfræðikenning Bronfenbrenners (Bronfenbrenner, 1979)	17
Mynd 2. Þróun áhættuhegðunar byggd á líkani Pattersons (1989).	35
Mynd 3. Samanburður milli ára á fjölda tilkynninga um áhættuhegðun barna til barnaverndar (Barnaverndarstofa, 2022).	44
Mynd 4. Fjöldi í stuðningsúrræðum barnaverndar árin 2019 og 2020 (Barnaverndarstofa, 2022).	46

1 Inngangur

Málefni barna með fjölþættan vanda hafa verið til umræðu innan barnaverndar í um áratug. Börn með flóknar þjónustubarfir mæta gjarnan miklu úrræðaleysi. Ríkið greiðir almennt kostnað vegna heilbrigðisþjónustu en sveitarfélög sjá um félagsþjónustu við íbúa. Þegar vandinn er fjölþættur er oft á tíðum ekki ljóst hver skuli greiða fyrir þjónustu og því benda þessir aðilar hvor á annan (Anna Eygló Karlsdóttir o.fl., 2021). Árið 2012 óskuðu nokkur sveitarfélög eftir stuðningi ríkisins til þess að geta komið til móts við börn með fjölþættan vanda með sérhæfðum úrræðum (Anna Eygló Karlsdóttir o.fl., 2021). Í kjölfarið var skipuð nefnd sem hafði það markmið að leita lausna og samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga í málefnum þeirra. Niðurstaða nefndarinnar var sú að þessi hópur barna þurfi á sérhæfðum langtímaúrræðum að halda og málefni þeirra falli undir málefni fatlaðs fólks sem eru á ábyrgð sveitarfélaganna (Velferðarráðuneytið, 2013).

Umboðsmaður barna sendi velferðarráðuneytinu bréf árið 2015 þar sem hann greindi frá áhyggjum sínum vegna stöðu barna með geðræn vandkvæði, hegðunar- og vímuefnavanda. Ábending barst vegna barns með alvarlegan vanda þar sem því var synjað um þjónustu bæði hjá barnaverndarkerfinu og heilbrigðiskerfinu. Niðurstöður umboðsmanns barna leiddu í ljós að brotið hefði verið á réttindum barnsins samkvæmt Barnasáttmálanum nr. 19/2013 og 76. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um vernd og umönnun barna til að tryggja velferð þeirra. Atvikið varpaði enn frekar ljósi á úrræðaleysið sem börn með fjölþættan vanda þurfa að mæta (Margrét María Sigurðardóttir, 2015). Tæpum ellefu mánuðum síðar barst svar frá velferðarráðuneytinu þar sem kom fram að ráðuneytið hefði falið Barnaverndarstofu að framkvæma frumathugun á stofnun nýs meðferðarheimilis fyrir börn með fjölþættan vanda og börn sem hafa brotið af sér. Framkvæmdasýsla ríkisins hóf þarfagreiningu fyrir nýtt meðferðarheimili. Einnig kom fram að unnið hefði verið að því að móta fjölskyldustefnu sem átti að leggja fyrir Alþingi árið 2016 og fjallaði um að tryggja samhæfða þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda (Umboðsmaður barna, 2015).

Árið 2021 var staðan lítið breytt og gáfu stjórnendur í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu út skýrslu um stöðu barna með fjölþættan vanda. Þar lýsa þeir miklum áhyggjum af úrræðaleysi fyrir þennan hóp barna og ungmenna. Einnig kom fram í skýrslunni að stjórnendur hefðu miklar áhyggjur af fjölgun barna í þessum hópi og að

sveitarfélögin stæðu frammi fyrir stórum fjárhagslegum áskorunum vegna þessa (Anna Eygló Karlsdóttir o.fl., 2021). Rannsóknir sýna að einstaklingar, sem glíma við geðrænar áskoranir og fjölþættan vanda, leita í umhverfi þar sem þeir fá stuðning og er mætt af virðingu og fordómaleysi (Schutt og Rogers, 2009; Lára Björnsdóttir o.fl., 2011). Því má telja mikilvægt að mæta einstaklingum með fjölþættan vanda á jafningjagrundvelli þar sem þeir fá stuðning og tækifæri til þess að efla styrkleika sína, sem eykur sjálfstraust, í stað þess að einblína á veikleika og neikvæðar hliðar sjálfsmyndarinnar (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

1.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar

Varpað hefur verið ljósi á úrræðaleyfi sem börn með fjölþættan vanda mæta í íslensku samfélagi (Anna Eygló Karlsdóttir o.fl., 2021). Með tilliti til þeirrar stöðu telur rannsakandi mikilvægt að skoða starf og árangur Vopnabúrsins. Úrræðið er nýtt og hefur ekki verið rannsakað áður og hefur því ákveðið nýsköpunargildi (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Mikilvægt er að kanna hvernig þörfum barna og ungmenna er mætt og hvort úrræðið skilar tilætluðum árangri í málefnum barnanna út frá markmiðum þess. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á upplifun barnanna og viðhorf þeirra til úrræðisins. Vopnabúrið mun því geta nýtt niðurstöðurnar til þess að meta stöðu sína.

Markmið þessarar rannsóknar er að kortleggja framgang í málefnum notenda Vopnabúrsins, hvernig úrræðið mætir þörfum barna með fjölþættan vanda og eftir hvaða aðferðum eða hugmyndafræði er unnið. Einnig verður reynt að fá innsýn í reynslu og upplifun barnanna af úrræðinu. Tilgangurinn er að varpa ljósi á nýtt úrræði sem vinnur með börnum og ungmönnum með fjölþættan vanda, og hefur það að leiðarljósi að bæta félagslega stöðu þeirra í samfélaginu.

Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hver eru viðhorf notenda til úrræðisins?
- Hverjar eru þarfir notenda úrræðisins?
- Mætir úrræðið þörfum notenda meðan á meðferðinni stendur?

- Er skipulag úrræðisins í samræmi við markmið og áætlanir í meðferð notandans?
- Eru aðferðir, sem beitt er, í samræmi við hugmyndafræði úrræðisins?

1.2 Uppbygging ritgerðar


Ritgerðin skiptist í átta kafla að inngangi þessum meðtöldum. Í öðrum kafla verður skýrt frá kenningum og hugmyndafræði rannsóknarinnar þar sem gerð verður grein fyrir vistfræðikenningu Bronfenbrenners, félagsauði og valdeflingu. Í þriðja kafla er fræðileg umfjöllun þar sem gerð verður grein fyrir hugtökum og rannsóknum á efninu. Fjallað verður um fjölþættan vanda, þroskaraskanir, geðræn vandkvæði, áhættuhegðun og að lokum forvarnir og verndandi þætti. Í fjórða kafla ritgerðarinnar verður fjallað um þá þjónustu sem er veitt börnum og ungmennum með fjölþættan vanda. Gerð verður grein fyrir íslensku lagaumhverfi sem varðar réttindi barna og ungmenna og fatlaðs fólks, ásamt alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að. Einnig verður rætt um barnavernd og úrræði hennar, stuðningsþjónustu og hvaða lög og úrræði falla undir skyldur ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Í fimmta kafla verður gerð grein fyrir eigindlegri aðferð matsrannsóknarinnar, þátttakendum, gagnaöflun, framkvæmd, siðferðislegum álitamálum og takmörkunum rannsóknarinnar. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í sjötta kafla þar sem greint er frá upplýsingum úr viðtali við stjórnanda ásamt þeim þeim sem komu í ljós eftir gagnagreiningu hálfstaðlaðra viðtala við notendur Vopnabúrsins. Í sjöunda kafla verða niðurstöður dregnar saman og tengdar við fræðilega hluta ritgerðarinnar í umræðukafla, þar sem leitast verður við að svara rannsóknarspurningum og dregnar ályktanir. Að lokum verður efnið dregið saman í lokaorðum ritgerðarinnar.

2 Kenningar og hugmyndafræði

Í þessum kafla verður fjallað um kenningarlegt sjónarhorn og hugmyndafræði út frá málefnum barna. Fyrst verður fjallað um *vistfræðikenningu* Bronfenbrenners þar sem kenningin verður tengd við viðfangsefni rannsóknarinnar. Því næst verður fjallað um *tengslakenningar* Johns Bowlbys og Mary Ainsworth. Þar á eftir verður fjallað um *félagsauð* og að lokum um *valdeflingu* og hvernig unnið er út frá þeirri hugmyndafræði.

2.1 Vistfræðikenning Bronfenbrenners

Þroskasálfræðingurinn Urie Bronfenbrenner setti fram vistfræðikenninguna (e. ecological system theory) árið 1979. Kenningin byggir á samspili umhverfis og þroska. Það umhverfi sem barn elst upp í hefur mikilvæg áhrif á þroska þess og geta ákveðinir þættir ýtt undir eðlilegan þroska og aðrir hindrað eðlilegt þroskaferli (Bronfenbrenner, 1979). Hann setti fram líkan þar sem hann skýrir að þroski einstaklingsins í félagslegu samhengi eigi sér stað í fimm kerfum í kringum barnið: *nærkerfi* (e. microsystem), *miðkerfi* (e. mesosystem), *stofnanakerfi* (e. exosystem), *heildarkerfi* (e. macrosystem), og *lífkerfi* (e. chronosystem) (Bronfenbrenner 1979).



Mynd 1. Vistfræðikenning Bronfenbrenners (Bronfenbrenner, 1979).

Eins og mynd 1 sýnir er nærkerfið nánasta umhverfi barnsins þar sem það tekur þátt og er í beinum samskiptum, til dæmis fjölskylda, vinir og skólinn. Fyrst um sinn er fjölskyldan aðalnærkerfið. Þegar barnið eldist bætast við fleiri kerfi svo sem skóli, vinir, tómstundir og fleira. Barnið verður fyrir miklum áhrifum sem eflir félags-, líkams- og vitsmunabroska. Á þessu stigi er fjölskyldan helsti mótunaraðili og þurfa samskipti að einkennast af hvatningu, hlýju og góðum tengslum til þess að stuðla að þroska á jákvæðan hátt (Bronfenbrenner, 1979).

Miðkerfi er tengiliður á milli kerfa og sameinar þá þætti sem hafa áhrif á nærkerfið. Hér er til dæmis átt við samspil fjölskyldunnar við aðra þætti sem hafa bein tengsl við barnið. Atburður sem á sér stað í einu kerfi getur haft áhrif á atburði í öðru kerfi (Bronfenbrenner, 1979). Hér má taka dæmi um samskipti milli heimilis og skóla. Atburður í fjölskyldulífi getur haft áhrif á barnið í skólanum og öfugt. Glími barn til dæmis við samskiptaerfiðleika við foreldra sína getur það haft áhrif á hegðun þess í skólanum eða árangur í námi (Bronfenbrenner, 1979).

Stofnanakerfi kemur næst utan um miðkerfið. Þar eru umhverfisaðstæður sem hafa ekki bein áhrif á barnið en geta haft áhrif á nærkerfi og þar með haft áhrif á þroskaskilyrði. Í stofnanakerfinu eru til dæmis yfirvöld, skólakerfið, fjölmiðlar og vinnumarkaðurinn. Því geta til að mynda lágar tekjur foreldra haft áhrif á daglegt líf barns sem aftur getur haft áhrif á þroska þess og líðan (Bronfenbrenner, 1979).

Heildarkerfi er ysta kerfið utan um nærkerfið, millikerfið og stofnanakerfið. Í þessu kerfi er samfélagið í heild sem felur í sér stefnur, lög, gildi og siði samfélagsins ásamt menningu, trú og samfélagslegum viðhorfum. Atburðir og ákvarðanir, sem teknar eru í heildarkerfinu, hafa áhrif beint eða óbeint á félagslega stöðu og þroska barna. Til að mynda hefur samfélagsleg staða barns mikil áhrif á tækifæri þess í lífinu (Bronfenbrenner, 1979).

Lífkerfi er fimmta kerfið sem gengur þvert á hin kerfin og byggir á þeim áhrifum sem barnið verður fyrir á ýmsum skeiðum í lífi sínu. Atburðir í lífi þess geta átt sér stað í öllum kerfum og geta verið til að mynda skilnaður foreldra, flutningar eða barnið þarf að skipta um skóla. Einnig falla hér undir samfélagslegir atburðir eins og stríð, efnahagskreppa og heimsfaraldur (Bronfenbrenner, 1995) líkt og covid -19 sem reið yfir heimsbyggðina

snemma árs 2020 þar sem samkomutakmörkunum var beitt sem höfðu gríðarleg áhrif á skólakerfið, tómstundir og félagslíf barna og ungmenna (Embætti landlæknis, 2020).

Styrkleiki vistfræðikenningarinnar er sá að hún skýrir samspil einstaklingsins og umhverfis og hefur reynst gagnleg til þess að skýra stöðu barna og ungmenna á ýmsum þroskaskeiðum (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Kenningin dregur einnig fram mikilvægi áhrifa sem ólíkir þættir eins og foreldrar, skóli og félagslíf hafa á líðan barna og ungmenna. Þegar það er ekki gott samspil milli nærkerfa barnsins er hægt sjá orsakasamband á milli þess að barn á í erfiðleikum í skóla og félagslegra vandamála (Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir, 2016). Má því álykta að skortur á samvinnu geti leitt til þess að barn þrói með sér fjölþættan vanda eins og námsörðugleika, hegðunar- og vímuefnavanda og kann að valda ýmsum geðrænum vandkvæðum.

Bronfenbrenner gagnrýndi sjálfur kenningu sína og áttaði sig á ýmsum vanköntumhennar. Í upphafi einblíndi hann helst á umhverfið fremur en að skoða einstaklinginn sjálfan og var kenningin í stöðugri þróun (Berk, 2007). Eðli samfélagsins tekur sífelldum breytingum og áhrifavaldar einstaklingsins eru orðnir mun fleiri en áður fyrr. Kenningin tekur ekki sérstaklega mið af þörfum einstaklingsins og áhrifum hans á eigin þroska, heldur leggur áherslu á áhrif umhverfisins. Hún tekur heldur ekki tillit til þátta eins og seiglu eða hæfileika einstaklingsins til þess að takast á við erfiðleika (Aubrey og Riley, 2016). Því er ávallt gott að skoða kenningar með gagnrýnu auga þótt margt standist tímans tönn.

2.2 Tengslakenningar

Geðtengsl eru tilfinningaleg tengsl milli umönnunaraðila og barns sem myndast í nærveru og gagnkvæmum tilfinningum (Beckett og Taylor, 2016). Geðlæknirinn og sálgreinirinn John Bowlby setti fram tengslakenningu sem hefur haft mikil áhrif á þróun félagsráðgjafar (Sæunn Kristjánsdóttir, 2021). Mary Ainsworth var barnasálfræðingur sem vann með Bowlby við að þróa kenningu hans. Síðar setti hún sjálf fram kenningu, um tegundir tengsla milli móður og barns (Ainsworth o.fl., 1978).

2.2.1 John Bowlby

Í upphafi beindust rannsóknir Bowlbys (1951) að tengslamissi barns við móður sína, sérstaklega barna undir sjö ára aldri sem alin voru upp á stofnunum. Hann taldi það hafa

neikvæð áhrif á tilfinninga-, vitsmuna- og líkamlegan þroska þeirra. Bowlby trúði því að tengslahegðun barna væri meðfædd. Það sé því undir umönnunaraðila komið hvernig tengslin þróast. Tengslahegðun (e. attachment behaviour) er hegðun sem barn sýnir í nálægð við aðra manneskju. Hún lýsir sér t.d. þannig að barn horfir á einstaklinginn sem það tengist og grætur eða kvartar við aðskilnað. Með ítarlegri rannsóknum komst Bowlby að því að börn sem missa móður sína eru ekki í aukinni hættu á að þróa með sér andfélagslega hegðun. Hins vegar eru börn í meiri hættu á að þróa með sér hegðunarvanda ef þau alast upp í ágreiningi eða umönnunaraðilar sýna litla umhyggju. Bowlby skoðaði hugmyndir sínar um tengslakenninguna og bar þær saman við dýr, önnur en manninn. Hann komst að því að ungabörn eru háð móður sinni eða umönnunaraðila og kæmust ekki af án hans (Bowlby, 1951). Bowlby talaði aðeins um móður í kenningum sínum og var hann harðlega gagnrýndur fyrir það. Kenningin hefur því þróast og á hún við um fleiri en aðeins líffræðilega móður og sýnir að aðrir geta sinnt hlutverki hennar (Chodorow, 1999).

Bowlby (1969) taldi fyrstu ár barnsins mikilvægust í tengslamyndun þar sem tengslamynstur þróar sjálfsmýndina, hegðun og félagslega aðlögun (Bowlby, 1969). Fylgni hefur mælst á milli öruggra tengsla hjá börnum upp í sex ára aldur og betri sjálfsmýndar. Þau sýni frumkvæði, séu í betra tilfinningalegu jafnvægi, sýni meiri seiglu og séu færari í félagslegum aðstæðum (Grossman o.fl., 2005). Á fyrstu árum ævinnar er barnið að þróa geðtengsl við umönnunaraðila í fjórum stigum. Fyrsta stigið á sér stað frá fæðingu til 12 vikna. Þá byrjar barnið að fylgja þeim sem sinnir því mest. Barnið byrjar að fylgja honum eftir með augunum og snýr sér í átt að rödd hans. Á öðru stigi tengslamyndunar byrjar barnið að þekkja fjölskyldu sína og fer að verða varkært í kringum ókunnuga. Þá er tengslamyndun við nánasta umönnunaraðila byrjuð og barnið leitar öryggis hjá honum. Þriðja stig tengslamyndunar er gjarnan kallað *skýr tengslamyndun* sem á sér stað frá sex mánaða aldri til tveggja ára. Barnið byrjar að sýna merki um aðskilnaðarkvíða og finnur fyrir óöryggi þegar umönnunaraðili yfirgefur það. Fjórða tengslastigið er frá tveggja ára og varir út ævina. Þá lærir barnið að mynda gagnkvæm tengsl við aðra og öðlast hæfni til þess að mynda vinasambönd (Bowlby, 1969).

Bowlby var mikill talsmaður þess að fagaðilar sæju um börn í fjarveru umönnunaraðila. Hann taldi afar mikilvægt að hafa innsýn í þarfir barna og þeir hafi skilning á söknuði ásamt öðrum tilfinningum sem barn sýnir við aðskilnað (Holmes, 2014).

2.2.2 Mary Ainsworth

Mary Ainsworth (1978) gerði rannsókn á samskiptum milli móður og barns og þróaði rannsóknaraðferðina *ókunnar aðstæður* (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Í kjölfarið setti hún fram kenningu um mismunandi tegundir tengsla. Í rannsókninni voru börn á aldrinum 12-18 mánaða og fólst hún í því að móðirin var með barninu inni í ókunnugu herbergi. Stuttu seinna kemur ókunnug manneskja inn í herbergið og fer að spjalla við móðurina og barnið. Móðirin fer svo út úr herberginu í fáeinar mínútur og skilur barnið eftir hjá þeirri ókunnugu. Móðirin kemur til baka og hin fer út. Því næst fer móðirin út úr herberginu, barnið er eitt eftir inni, og fljótlega kemur ókunnuga manneskjan aftur inn í herbergið. Að lokum kemur móðirin til baka og ókunnuga manneskjan fer út. Viðbrögð barnsins, þegar móðirin yfirgaf herbergið, voru metin ásamt viðbrögðum þess þegar hún kom aftur inn í bæði skiptin. Stundum grétu börnin þegar móðirin yfirgaf herbergið, reyndu að elta hana eða sýndu önnur einkenni. Ókunnuga manneskjan reyndi að hugga barnið, stundum tókst það en stundum ekki, þá var móðirin kölluð til baka. Þau viðbrögð sem barnið sýndi, þegar móðirin kom, varpa ljósi á tegund tengslanna (Ainsworth o.fl., 1978).

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að tengslamynstri er hægt að skipta í þrjár mismunandi tegundir tengsla: *örugg tengsl* (e. secure attachment), *óörugg tengsl* (e. insecure attachment) og *tvíbent tengsl* (e. ambivalent attachment) (Ainsworth o.fl., 1978). Fjórdú tegundinni var bætt við töluvert seinna af Mary Main, samstarfskonu Ainsworth, sem er *ruglingsleg tengsl* (e. disorganised attachment) (Main og Solomon, 1990). Rannsóknin sýndi að lykilatriði í tengslum umönnunaraðila og barns er hversu vel sá aðili les í tjáningu barnsins og svarar þörfum þess. Ainsworth taldi því líkamlega nálægð ekki nægilegt öryggi fyrir barnið líkt og Bowlby hélt fram (Sæunn Kjartansdóttir, 2021).

Örugg tengsl einkennast af öryggi og trausti í samskiptum. Barnið verður óánægt þegar umönnunaraðili yfirgefur það, mótmælir, eltir hann og fer jafnvel að gráta. Það jafnar sig þó fljótt. Þegar umönnunaraðili snýr til baka tekur barnið vel á móti honum og leitar eftir líkamlegri nálægð (Ainsworth o.fl., 1978). Umönnunaraðilar, sem eru með örugg tengsl, sýna börnunum meiri athygli með því að horfa á þau og brosa til þeirra.

Börnin upplifa umönnunaraðila sinn því sem örugga höfn (e. secure base) sem lýsir því andrúmslofti sem barn finnur fyrir þegar manneskja, sem er í lykilhlutverki umönnunar, er nálægt. Þegar börn eru örugg og vita af umönnunaraðila sínum innan seilingar eru þau líklegri til að hætta sér frá og kanna nýjar aðstæður og prófa sig áfram (Ainsworth o.fl., 1978).

Óörugg tengsl eru það þegar barnið sýnir lítil viðbrögð ef umönnunaraðili yfirgefur það. Barnið forðast einnig tengsl við hann þegar hann snýr aftur og leitar ekki eftir nánd. Börn, sem falla undir þessa tegund tengsla, forðast einnig nán tengsl við aðra (Ainsworth o.fl., 1978). Einkenni umönnunaraðila sem er í óöruggum tengslum við barnið er að hafa takmarkaðan áhuga á samskiptum við það (Wallin, 2007).

Tvíbent tengsl lýsa sér þannig að barn sýnir mikil viðbrögð þegar umönnunaraðili yfirgefur það. Það grætur mikið og þegar umönnunaraðili kemur til baka gengur illa að hugga barnið og það er lengi að jafna sig. Barnið þarfnast nándar en á sama tíma sýnir það reiði með líkamlegum athöfnum eins og að lemja, sparka eða ýta umönnunaraðila frá sér (Ainsworth o.fl., 1978). Hann leiðir hjá sér vísbendingar barnsins um þörf á umönnun eða svarar kalli seint og eru viðbrögð þeirra ófyrirsjáanleg (Wallin, 2007).

Fjórða og síðasta tegundin er ruglingsleg tengsl. Það sem einkennir börn með þessa tegund er í rauninni svipuð einkenni og hjá börnum með óörugg tengsl nema barnið sýnir einnig ótta. Til dæmis er það varkárt í kringum umönnunaraðila, missir stjórn á skapi sínu með því að til dæmis að öskra eða kasta hlutum. Barnið sýnir þessa hegðun einnig þegar umönnunaraðili er á staðnum (Main og Solomon, 1990). Ruglingsleg tengsl eiga oft rætur að rekja til ótta við umönnunaraðila þegar um er að ræða ofbeldi eða misnotkun, barnið er því í þeirri stöðu að það leitar huggunar hjá aðila sem það óttast. Þessi hópur barna er í mestri hættu á að þróa með sér hegðunarvanda og geðræn vandkvæði (Tareen og Tareen, 2015).

2.3 Félagsauður

Hver og einn einstaklingur býr yfir eiginleikum sem gera hann að þeim mannauði sem samfélagið byggir á (Anna Björg Aradóttir, 2006). Mannauður er persónuleg færni einstaklings sem býr í eiginleikum hans og þekkingu. *Félagsauður* (e. social capital) býr í félagslegum tengslum sem byggja á trausti og verðmæti verða til í tengslum og samskiptum fólks með sameiginleg gildi og gagnkvæmar skoðanir (Healy, 2004).

Fræðimennirnir Pierre Bourdieu (1983), James S. Coleman (1988), Francis Fukuyama (2001) og Robert Putnam (1995) komu allir fram með hugtakið félagsauður. Í skilgreiningu þeirra felur hugtakið í sér félagslegt net þar sem framleiðsla auðs verður til með traustum samskiptum og sameiginlegum viðmiðum sem tengja fólk ákveðnum böndum (Häuberer, 2011; Healy 2004).

Pierre Bourdieu (1983) fjallaði um félagsauð sem menningarlegt fyrirbæri þar sem undirstaðan væri félagsleg staða. Hann er gjarnan talinn vera fyrsti fræðimaðurinn sem kom fram með hugtakið á kerfisbundinn hátt þar sem hann skoðaði menntun út frá sjónarhorni félagsauðs. Hann skilgreindi þrjár tegundir auðs: efnislegur auður, menningarlegur auður og félagsauður. Hann taldi félagsauð vera uppsprettu mismunandi þjóðfélagsþópa til að efla hagsmuni sína þar sem félagslegt fjármagn er sameinað. Hann taldi einnig að félagsauð væri að finna í tengslaneti og björgum. Einstaklingar, sem eru hluti af hóp, verða ein heild þar sem félagsauður eflist og verður sameiginlegur auður hópsins (Bourdieu 1983; Healy, 2004).

Coleman (1988) taldi auð skiptast í fjórar gerðir: fjármagnsauð, efnislegan auð, mannauð og félagsauð. Allar þessar gerðir auðs geta eflst og aukið virði sitt, hver á sinn hátt. Fjármagnsauður og efnislegur auður er áþreifanlegur á meðan mannauður verður til hjá einstaklingnum og félagsauður verður til í tengslum á milli fólks. Samkvæmt Coleman (1988) eru þrjár meginþættir sem liggja að baki félagsauði. Fyrst eru *væntingar og skyldur* sem byggja á trausti í samfélögum eða hópum þar sem ákveðnar væntingar eru gerðar til fólks sem sinnir skyldum sínum og ríkir fullkomið traust. Hér má nefna sem dæmi að fólk treystir samfélaginu þannig að börn leika sér frjáls úti þar sem allir eru skyldugir til þess að gæta þeirra í sameiningu án þess að nefna það sérstaklega. Það er dæmi um mikinn félagsauð. Annar þáttur er *upplýsingar* og mikilvægi þess að allir innan samfélagsins eða hópsins séu vel upplýstir. Gott upplýsingaflæði er hluti af almennum samskiptum og grundvöllur þess að efla félagsauð. Þriðji og síðasti þátturinn er viðmið og samþykki. Samfélög hafi ákveðin viðmið um háttsemi. Viðmið geta verið sterkur og órjúfanlegur þáttur innan samfélaga og hópa en á sama tíma eru þau brothætt. Sem dæmi má nefna að viðmið samfélagsins er að börn geti gengið óhult í skólann án þess að verða fyrir stríðni eða ofbeldi.

Fukuyama (2001) lagði áherslu á hlutverk óformlegra og sameiginlegra gilda sem skapa traust ásamt tengslum sem geta bæði verið milli tveggja einstaklinga og innan hóps. Tengsl eru flókið fyrirbæri sem byggir bæði á siðferði og heiðarleika. Hann taldi félagsauð vera hliðarafurð af venjum, reynslu og trú óháð stjórnvöldum. Þeir þættir sem efla félagsauð eru menntun á öllum skólastigum, öruggt umhverfi og félagsleg réttindi þar sem stjórnvöld hafa mikil áhrif á þróun félagsauðs. Fukuyama benti einnig á hversu mikill veikleiki felst í því að fræðimenn hafa ekki sama skilning á því hvernig eigi að mæla félagsauð (Healy, 2004).

Putnam (1995) skilgreindi félagsauð út frá félagsskipulagi sem auðveldar samhæfingu og samvinnu til gagnkvæms ávinnings. Í síðari skrifum Putnams (2000) hefur hann staðfært traust sem afleiðingu félagsauðs sem hann skilgreindi sem félagslegt net (Healy, 2004). Kenningin fjallar um að sambönd í þjóðfélaginu eru mikilvæg sem hann setur fram með víðari skilgreiningu. Hún felur í sér þætti menningar, viðhorfa og stofnana. Putnam taldi að þjóðfélög, þar sem ríkir traust og gagnkvæm samskipti, byggju yfir góðum siðferðislegum eiginleikum. Einnig skilgreindi hann hugtakið á tvo vegu með því að skoða hlutverk félagsauðs í samfélaginu. Hann leit annars vegar á félagsauð sem afl sem bindur saman samfélög (e. bonding), félagstengsl sem birtast í daglegu lífi, til að mynda við fjölskyldu og vini. Hins vegar eru ytri félagstengsl það afl sem brúar bilið á milli einstaklinga (e. bridging) og tengir ólíka hópa eða samfélög saman (Putnam, 2000).

Félagsleg tengsl veita einstaklingnum ákveðin tækifæri sem gefast annars ekki. Til dæmis gegna tómstundir barna mikilvægu hlutverki við að mynda félagsleg tengsl og efla félagsauð (Glover og Hemingway, 2005). Félagsauður innan fjölskyldunnar tengist mannauði foreldra, hver uppeldisskilyrði barnanna eru. Góð tengsl, samskipti og samvera fjölskyldunnar eflir félagsauð hennar. Talið er að félagsauð foreldra sé hægt að yfirfæra á börn þeirra. Skortur á félagsauði er þegar fjölskylduna skortir tengingar við samfélagið. Sem dæmi má nefna fjölskyldur af erlendum uppruna sem aðlagast ekki samfélaginu eða fjölskyldur sem flytja oft á milli hverfa og ná ekki að festa rætur og mynda tengsl við samfélagið (Coleman, 1988).

Leonard (2005) skoðaði félagsauð í tengslum við börn og hvernig þau geti byggt upp sinn eigin félagsauð sem nýtist þeim til framtíðar. Niðurstöður hans leiddu í ljós að börn skapa félagsauð í tengslum við stofnanir bæði fyrir sjálf sig og fjölskylduna í heild. Börn

verja miklum tíma innan stofnana, til dæmis skóla allt frá leik- til framhaldsskóla, stunda íþróttir og aðrar tómstundir þar sem þau mynda tengsl við aðra. Samkvæmt þessum niðurstöðum eru slík tengsl þó aðeins bindandi en brúa ekki bilið á milli annarra hópa. Sá auður er ekki líklegur til þess að hafa áhrif á líf þeirra og tækifæri í framtíðinni (Leonard, 2005). Kristin Ferguson (2006) gerði fræðilega samantekt á 22 rannsóknum sem fjalla um félagsauð og velferð barna. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að samskipti fjölskyldunnar við samfélagið geta haft jákvæð áhrif á velferð barna og ungmenna. Einnig er sýnt fram á að félagsauður ásamt fátækt hefur hvað mest áhrif á þroska barna og árangur þeirra í framtíðinni. Rannsóknir á félagsauði leiða í ljós fylgni á milli einstaklinga, fjölskyldna, samfélags og líðanar barna og ungmenna. Börn hafa ólík viðhorf til framtíðarinnar og getur félagsauður verið ákveðinn verndandi þáttur. Talið er að það sé ákveðið gat í núverandi þekkingu í félagsvísindum þegar kemur að því að skoða ólíkar hliðar fjölskyldunnar og samfélagsins og verið vannýtt aðferð í ákvarðanatöku um velferð barna og ungmenna (Ferguson, 2006).

2.4 Valdefling

Hugtakið valdefling (e. empowerment) hefur þróast innan ýmissa fagstétta í félags- og heilbrigðisvísindum, til að mynda innan félagsráðgjafar, sálfræði og iðjuþjálfunar (Lára Björnsdóttir, 2013). Undanfarin ár hefur valdefling í auknum mæli verið miðpunktur innan velferðarþjónustunnar og hefur verið notuð við stefnumótun í velferðarmálum jaðarsettra hópa samfélagsins (Askheim og Starrin, 2010; Lára Björnsdóttir, 2013). Valdefling á rætur að rekja til sjálfshjálparhópa og hagsmunahreyfinga. Notendur vildu hafa áhrif á þjónustuna sem þeir þáðu, hvað stæði til boða og með hvaða hætti þjónustan væri framkvæmd (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011). Upphaflega voru hugmyndir um valdeflingu notaðar til þess að aðstoða jaðarhópa við að ná valdi yfir eigin lífi en einnig hefur verið stuðst við hugtakið í feminínskri baráttu og í starfi með fjölmenningshópum (Hipolito-Delgado og Lee, 2007).

Valdefling hefur verið talin eiga vel við í þjónustu við hópa eða einstaklinga sem eru í veikri samfélagslegri stöðu (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011). Hugmyndafræðin um valdeflingu hefur verið notuð til þess að hafa áhrif innan geðheilbrigðiskerfisins og byggist á því að einstaklingurinn hafi val. Geti ráðið nokkru um þá þjónustu sem hann fær og nái að öðlast færni til þess að stjórna lífi sínu og geti haft áhrif á eigin líðan. Valdefling er

einstaklingsmiðað kerfi sem byggist á trú á bata ásamt því að byggjast á trausti og virðingu milli þjónustunotanda og fagaðila eða starfsmanns þar sem notandinn hefur áhrif á ferlið. Batinn sjálfur er einstaklingsmiðaður og er samspil margra þátta við umhverfið (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Einnig er fjallað um valdeflingu í þjónustu við einstaklinga með geðrænar áskoranir í grein Elínar Ebbu Ásmundsdóttur iðjuþjálfara. Greinin fjallar um rannsókn hennar á reynslu og skoðunum fólks sem glímir við geðrænar áskoranir á bataferlinu. Rannsóknin var eigindleg rannsókn þar sem voru tekin viðtöl við einstaklinga sem höfðu náð bata á geðrænum vandkvæðum (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 2007). Í greininni er skýrt frá niðurstöðum nokkurra notendarannsókna sem sýna fram á að mikilvægt sé að skoða dreifingu valds innan heilbrigðiskerfisins til þess að auka áhrif þessa hóps. Mikilvægt er að skoða hvaða hugmyndafræði stýrir þjónustunni og á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar (Townsend, 1998; Rebeiro o.fl., 2001; Chamberlin 1997). Niðurstöður rannsókna, þar sem skoðuð voru einkenni þeirra einstaklinga sem hafa náð bata, sýna að valdefling er meðal afgerandi þátta í bataferlinu (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 2007). Niðurstöður rannsóknar Elínar Ebbu eru í takt við niðurstöður erlendra rannsókna. Sú þjónusta sem talin var áhrifaríkust var sú sem miðaði að því að efla sjálfsvirðingu og sjálfstraust og tækifæri til þess að auka félagslega færni. Viðmælendur Elínar Ebbu voru ánægðastir með þá þjónustu sem var veitt á jafningjagrundvelli og allir höfðu sama rétt og ákvarðanir voru teknar í samráði við notendur (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 2007). Því má túlka niðurstöður rannsóknarinnar á þann veg að valdefling sé vænleg til árangurs í þjónustu við einstaklinga með geðræn vandkvæði. Um eigindlega rannsókn var að ræða og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar (Neumean, 2013).

Judi Chamberlin er einn af öflugustu boðberum valdeflingar (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Hún var baráttukona fyrir réttindum fólks sem glímir við geðrænar áskoranir. Árið 1997 setti hún fram skilgreiningu á hugtakinu *valdefling* þar sem hún skilgreindi það í fimmtán þáttum. Skilgreiningin felur meðal annars í sér að hafa vald til ákvarðana, að efla jákvæða sjálfsmynd og vinna bug á stimplun samfélagsins, að hafa áhrif á breytingar í eigin lífi, að efla ákveðni, efla gagnrýna hugsun og trú á eigin getu (Chamberlin, 1997; Lára Björnsdóttir o.fl., 2013).

Valdefling í starfi félagsráðgjafa þróaðist frá hugmyndum um hjálp til sjálfshjálpar. Merking valdeflingar innan félagsráðgjafar er sú að fagaðilar nýti þekkingu sína til að veita skjólstæðingum styrk og vald til breytinga í eigin lífi. Valdefling er notuð til að efla sjálfstraust með því að veita einstaklingum rétt til þess að hafa áhrif á þjónustuna sem þeir þiggja (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Notendur eru best til þess fallnir að meta sínar eigin þarfir fyrir þjónustu og að taka ákvörðun í málum er þá varða. Með því er lögð áhersla á að færa valdið frá þeim sem veita þjónustuna yfir til þjónustuþega og byggja á gagnkvæmri virðingu í samskiptum (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006).

3 Fræðileg umjöllun

Í þessum kafla verður fræðileg umfjöllun um málefni barna með fjölþættan vanda, þroska og geðraskanir og áhættuhegðun ungmenna. Fjallað verður um forvarnir og verndandi þætti þegar kemur að meðferð og úrræðum barna og ungmenna með fjölþættan vanda. Hugtökin verða skilgreind og sett í samhengi við fyrri rannsóknir.

3.1 Fjölþættur vandi

Hugtakið *fjölþættur vandi* er bæði vítt og margþætt. Börn með fjölþættan vanda glíma við hegðunarvanda, þroskaröskun og/eða eiga við geðrænar áskoranir að stríða. Einnig eru börn og ungmenni, sem tilheyra þessum hópi, að glíma við vandkvæði á fleiri sviðum og má þar nefna erfiðleika í skóla og/eða í fjölskyldulífi, tengslavanda, vímuefnaneyslu og fleiri þætti sem samtvinnast og gera vandann fjölþættan og flókinn (Hill, 2007).

Margar rannsóknir sýna að börn og ungmenni með fjölþættan vanda mæta miklu úrræðaleysi og hafa þær sýnt að stöðluð meðferðarúrræði henta ekki þessum hópi. Það leiðir til brottfalls úr meðferð eða úrræði og þau fara aftur í fyrra ástand (Cornelius o.fl., 2004; Hill, 2007). Í kringum árið 1990 fóru niðurstöður rannsókna að sýna stækkandi hóp einstaklinga sem áttu í erfiðleikum með að taka þátt í hefðbundnum vímuefna meðferðum og brottfall jókst til muna. Á þessum tíma fóru einnig að koma fram fleiri niðurstöður rannsókna sem leiddu í ljós að tíðni vímuefnaneyslu var fremur há hjá einstaklingum sem glíma við aðrar geðrænar áskoranir (Hill, 2007).

Robert Eme (2013) gerði rannsókn á áhættuþáttum fyrir afbrotahæðun. Hún sýnir að börn og ungmenni með fjölþættan vanda, þá helst mikinn hegðunarvanda og geðrænar áskoranir, eru í áhættuhópi til að þróa með sér vímuefnavanda. Einnig glímur þessi hópur oftast en ekki við samþættan vanda milli skóla og heimilis og erfiða félagslega stöðu gagnvart jafnöldrum (Eme, 2013). Einnig sýna niðurstöður rannsóknar að skortur á verndandi þáttum eins og stuðningi frá fjölskyldu og skóla getur leitt til áhættuhegðunar svo sem vímuefnanotkunar ásamt brottfalls úr skóla (Wang og Fredricks, 2014). Ungmenni, sem glíma við fjölþættan vanda, eru einnig líklegri en aðrir jafnaldrar til þess að þróa með sér afbrotahæðun sem getur meðal annars leitt til brottfalls úr skóla, eða fremja sjálfsvíg (Lichtenstein o.fl., 2010; Brown, 2015).

Það liggur fyrir þekking um hvaða meðferðarleiðir eru árangursríkar þegar kemur að meðferð einstaklinga með fjölþættan vanda. Rannsóknir sem gerðar voru af Shari Mckee,

o.fl. (2013) annars vegar og hins vegar Richard Brown ásamt fjölda annarra (2015) hafa sýnt árangur gagnreyndra aðferða og fjalla um starfshætti sem miða að fjölpættri nálgun (McKee o.fl., 2013). Niðurstöðurnar sýna að fjölpætt nálgun og samþætt þjónusta er áhrifaríkust fyrir börn með flókinn vanda og unnið er með hvern og einn einstakling út frá umhverfi hans (Brown, 2015; McKee o.fl., 2013). Samt sem áður hefur innleiðing þessara aðferða í daglegt klínískt starf meðferðarúrræða gengið erfiðlega. Gerð var rannsókn á meðferð sem snýr að einstaklingum sem glíma við geðrænan vanda samhliða vímuefnaneyslu. Hefðbundinni 28 daga vímuefnamedferð var breytt í þriggja mánaða samþætta meðferðaráætlun fyrir einstaklinga sem glíma við fjölpættan vanda. Breytingin fól í sér nýja þjónustu, þjálfun lækna í klínískum inngripum, áframhaldandi eftirfylgd og formlegar mælingar á ýmsum þáttum. Þeir þættir sem eru mældir eru almennur bakgrunnur og lífsgæði skjólstæðinga, saga um vímuefnaneyslu og geðheilsueinkenni. Meðan á meðferð stendur er ánægja og tryggð við meðferðarfyrirkomulagið stöðugt metin (McKee o.fl., 2013).

Niðurstöðurnar styðja ályktun rannsakanda að innleiðing gagnreyndra aðferða samþættrar meðferðarþjónustu skilar árangri. Upplýsingar þátttakenda í upphafi bentu til þess að mikill geðrænn vandi og alvarlegur fíknivandi væri til staðar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós klínískt marktæka bót á geðheilsu og þátttakendur greindu frá mikilli ánægju með meðferðina. Fimm árum seinna sýndu niðurstöður einnig jákvæð viðhorf lækna við gagnreyndum aðferðum ásamt mun minni kostnaði við slíka meðferð en hefðbundna sjúkrahúsþjónustu (McKee o.fl., 2013).

Aðrar rannsóknir þar sem könnuð voru meðferðarúrræði og þjónusta við einstaklinga sem glíma við fjölpættan vanda sýna að mikil þörf er á samþættri þjónustu. Þörf fyrir þjónustu við þá sem glíma við geðræn vandkvæði samhliða öðrum vanda á borð við vímuefnavanda, spilavanda og afbrotahegðun nær lengra en að ná bata og tókum á einkennum. Þörf er á úrræðum sem hafa það markmið að koma einstaklingum aftur út í samfélagið. Ákall hefur verið eftir samþættingu í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu og að samþætta meðferðarúrræði og stuðningsþjónustu (Gruber o.fl., 2014). Einnig hefur komið í ljós að samþætt þjónusta, þar sem mál einstaklinga eru meðhöndluð sem heild, eru fjárhagslega hagkvæmari til lengri tíma litið (Gruber o.fl., 2020; McKee o.fl., 2013). Það að innleiða gagnreyndar árangursríkar meðferðir getur aukið meðferðargetu

stofnananna. Fjölpættur vandi er gjarnan vanmeðhöndlaður þar sem einstaklingar með þann vanda uppfylla ekki skilyrði hefðbundinna meðferðarúrræða (Gruber o.fl., 2020).

Howard A. Liddle (2018), prófessor í lýðheilsuvísindum í Bandaríkjunum gerði samanburðarrannsókn ásamt sjö öðrum fræðimönnum. Rannsóknin fjallaði um fjölkerfa fjölskyldumeðferð (e. multidimensional family therapy) og búsetuúrræði (residential treatment) fyrir unglunga með fjölpættan vanda. Meðferð í búsetuúrræði notaði gagnreynda aðferð sem byggði á félagslegri námsnálgun sem leggur áherslu á jákvæða styrkingu. Hugræn atferlismeðferð og hvatningarviðtöl voru notuð í daglegri dagskrá. Tilgangur meðferðarinnar er að taka ungmennin úr sínu daglega umhverfi til þess að ná stöðugleika í lífi þeirra. Meðan á meðferð stóð fengu ungmennin einstaklingsmeðferð, hópmeðferð, starfsþjálfun og tækifæri til að taka þátt í skipulögðum tómstundum. Foreldrar voru upplýstir um stöðuna jafnt og þétt ásamt því að boðið var upp á stuðningshópa fyrir þá. Í fjölkerfa fjölskyldumeðferð sem var skoðuð er fjölskyldunni úthlutað ráðgjafa sem fylgir henni í gegnum meðferðina. Meðferðin miðast að því að byggja upp meðferðarsamband, stuðla að breytingum á hegðun og hugsunum og að lokum að styrkja breytinguna. Markmiðið er að bæta tilfinningastjórn, bæta samskipti ungmennisins við foreldra og efla félagslega virkni. Einnig er foreldrum veitt aðstoð við að draga úr átökum á heimilinu, dýpka tengslin, bæta samskipti og öðlast hæfni til að leysa vanda og ágreining. Með meðferðinni er ungliturinn í bataferli í sínu hefðbundna umhverfi og fjölskyldan tekur virkan þátt í að aðlagast breyttum venjum (Liddle o.fl., 2018).

Þátttakendur voru 113 ungmenni sem var raðað handahófskennt í úrræðin þar sem um var að ræða geðrænan vanda, vímuefnaneyslu og afbrot. Mikill meirihluti var drengir og var meðalaldur þátttakenda 15,4 ár, sjötíu prósent ungmenna höfðu verið vistuð á meðferðarheimili áður. Þátttakendur voru metnir á tveggja, fjögurra, tólf og átján mánaða fresti. Þegar þessi tvö meðferðarúrræði eru borin saman sýna bæði árangur þegar kemur að vímuefnaneyslu og tíðni afbrota. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að fjölkerfa fjölskyldumeðferð skilaði að jafnaði betri árangri en búsetuúrræði bæði til skemmri og lengri tíma. Þá benda niðurstöðurnar einnig til þess að fjölskyldumeðferð sé bæði raunhæfur og ódýrari valkostur fyrir ungt fólk sem glímir við fjölpættan vanda, alvarlegan vímuefnavanda og geðrænar áskoranir (Liddle o.fl., 2018).

3.1.1 Þroskahömlun

Þegar greina á þroskafrávik er lykilatriði að þekkja þroskaferli barna. Félagsráðgjafar byggja hugmyndir sínar á sálgreiningarkenningum Sigmunds Freuds og Eriks Eriksons (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Erikson (1980) tók þó skrefið lengra og þróaði kenningu sína út frá því að þroskaferli einstaklingsins stæði yfir til æviloka (Erikson, 1980). Samkvæmt þroskasálfræðikenningum fer eðlilegt þroskaferli einstaklings eftir ákveðnum brautum. Ef vikið er frá brautunum verða frávik sem geta verið þroskafrávik og/eða geðræn vandkvæði (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Þroskahömlun er gjarnan yfirhugtak um þroska barna í félagslegu umhverfi sem ná ekki viðeigandi þroskaáföngum. Þroskahömlun er frávik í vitsmunabroska og aðlögunarhæfni. Þá er átt við málþroska, hreyfiþroska og félagsþroska. Stundum koma þroskaraskanir fram strax eða fljótlega eftir fæðingu, en einnig er algengt er þær greinist síðar. Þá vaknar gjarnan grunur hjá foreldrum eða öðrum sem umgangast barnið um að það þroskist ekki í takt við viðmið samkvæmt aldri þess (Saddock og Saddock, 2015). Þroskahömlun er greind með stöðluðum greindarprófum ásamt því að meta aðlögunarhæfni einstaklingsins. Á Íslandi er notað greiningarkerfið ICD 11, sem verður fjallað um hér á eftir. Samkvæmt greiningarkerfinu er þroskahömlun flokkuð í fjóra flokka: væga, miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun og fer eftir greindarvísitölu á hvaða stigi hún er (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.). Einkenni þroskahömlunar eru því afar ólík eftir einstaklingum og einnig getur hún haft ólíkar birtingarmyndir eftir aldri. Helstu einkenni barna eru seinn hreyfi- og málþroski, erfiðleikar í félagslegum samskiptum, erfið hegðun og námserfiðleikar (Ráðgjafar- og greiningarstöð, e.d.). Börn með þroskahömlun eru mun líklegri til þess að þróa með sér geðræn vandkvæði og hegðunarvanda. Algengir fylgikvillar eru til að mynda kvíðaraskanir, þunglyndi og ofvirkni. Mikilvægt er að greina þann vanda sem getur þróast samhliða þroskahömlun og veita viðeigandi þjónustu með tilliti til fjölpætts vanda (Wieland og Zitman, 2016).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á upplifun fjölskyldna barna með fötlun hafa sýnt að jafnvel þótt foreldrar kunni að meta þann stuðning sem þeim býðst er oft tímafrekt að nálgast úrræðin, afla sér upplýsinga um þjónustuna og fylla út flóknar umsóknir. Samskipti foreldra við kerfið sjálf eru oft meginuppspretta óánægju þeirra þar sem það getur verið ósveigjanlegt og takmarkað (Tøssebro & Wendelborg, 2015; McConnell o.fl., 2013).

Íslensk rannsókn fjallaði um viðhorf foreldra til samfélagsþátttöku einhverfa barna þeirra. Þátttakendur voru foreldrar barna á aldrinum átta til sautján ára með einhverfurófsröskun og aspergerheilkenni og voru með greindartöluna undir 80. Í samanburðarhóp voru valin fjögur börn á hvert barn með einhverfu og voru þöruð saman með tilliti til fæðingarmánaðar, kyns og búsetu. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að foreldrar einhverfa barna voru óánægðari með þátttöku barna sinna í samfélaginu í samanburði við foreldra í samanburðarhópi. Munurinn var mestur í félagslegum samskiptum við jafnaldra, almennri hreyfingu og í tómstundastarfi. Foreldrar barna með einhverfu greindu frá mun fleiri hindrunum til dæmis skorti á stuðningi og úrræðaleysi. Foreldrar í báðum hópum nefndu að íþrótt- og tómstundaiðkun væri kostnaðarsöm og ekki á færi allra að standa undir þeim kostnaði, margir foreldrar þurfa að forgangsraða vel til þess að geta gefið barni sínu tækifæri til að taka þátt í tómstundum (Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017). Mikilvægt er að leita fjölbreyttra leiða í takt við óskir og þarfir barna og foreldra þeirra. Það þarf að tryggja að börn á einhverfurófi hafi aðgang að félagslegu umhverfi og um leið upplifi sig velkomin, tilheyri og fái stuðning eftir þörfum. Með því er hægt að auka samfélagsþátttöku og lífsgæði einhverfa barna (Boyd o.fl., 2014; Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017).

3.1.2 Geðræn vandkvæði

Þeir sem hafa komið fram með skilgreiningar á geðrænum vandkvæðum eru margir hverjir með ólíkar hugmyndir um hugtakið, ásamt því að skilgreiningar eru ólíkar eftir því frá hvaða tíma þær eru. Einnig er misjafnt hvaða vandkvæði eru talin falla undir geðraskanir (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur skilgreint heilbrigði sem líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Einnig skilgreinir WHO geðheilbrigði á þann hátt að einstaklingur sé meðvitaður um sjálfan sig og geti verið þátttakandi í samfélaginu og tekist á við daglegt líf. Geðræn vandkvæði eru því brestir í geðheilbrigði þar sem birtingarmynd er meðal annars kvíði, þunglyndi, áfallastreituröskun, ofvirkni með athyglisbresti, hegðunarvandi, geðhvörf, persónuleikaraskanir og fleira (World health organization, 2014).

Vekja má athygli á því að geðræn vandkvæði þróast í samspili barns við umhverfi sitt (Sroufe og Rutter, 1984; Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Tengslakenning Johns Bowlbys (1951) byggir á þeirri hugmyndafræði að tengslamyndun við umönnunaraðila fyrstu ár ævinnar

séu grunnurinn að tenglum og sjálfsmynd einstaklingsins (Bowlby, 1951). Hann taldi því að geðrænn vandi ætti rætur sínar að rekja til skorts á tengslum fyrstu árin í lífi barns. Ásamt kenningum um þroska og tengsl þarf að huga að félagslegu umhverfi og gera ráð fyrir stuðningi og þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra til þess að draga úr áhættuþáttum sem stuðla að þróun geðrænna vandkvæða (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Birtingarform einkenna barna og ungmenna með geðræn vandkvæði geta til að mynda verið að börn eru með viðvarandi kvíða, viðvarandi streitu í kjölfar ofbeldis, vanrækslu, áfalls eða missis, börn eru leið, döpur, pirruð á öllu eða eru áhugalaus og draga sig í hlé. Sterkasta birtingarmyndin er sjálfskaðandi hegðun. Einnig eru börn hvatvís, eiga erfitt með að einbeita sér þegar þau geta ekki hamið hegðunina og hún fer að vera hamlandi í daglegu lífi. Börn sýna mikla reiði og mótþróa í samskiptum við bæði fullorðna og jafnaldra sína sem getur þróast út í neikvæða hegðun svo sem stríðni, einelti og ofbeldi gagnvart jafnöldum (Goldstein, 2001; Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

3.1.3 Greiningarkerfi

Í sögu læknisfræðinnar hefur verið rík þörf fyrir að flokka geðræn vandkvæði eftir einkennum þeirra og hvað skilur þau að. Það hafa þó ekki allir verið á einu máli um hvaða raskanir eigi að vera í flokkunarkerfi. Mörg mismunandi flokkunarkerfi hafa verið þróuð gegnum tíðina og hafa þau verið ólík hvað varðar skilgreiningar og í hvaða tilgangi kerfin skulu notuð, í klínískum tilgangi eða til rannsókna (American Psychiatric Association, e.d.). Tvö viðurkennd greiningarkerfi eru notuð í dag til þess að greina geðræn vandkvæði. Þau eru *The Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* (DSM) sem gefið er út af ameríska geðlæknafélaginu og *International Classification of Diseases and Health Related Problems* (ICD) sem er unnið af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (e. World Health Organization- WHO). Flokkunarkerfin eru í stöðugri þróun og eiga þau margt sameiginlegt. Þau gera bæði grein fyrir þeim geðrænu vandkvæðum sem fólk glímir við með lýsingum á mismunandi geðsjúkdómum og einkennum þeirra (Saddock og Saddock, 2015).

Fimmta útgáfa af greiningar- og tölfræðihandbók um geðraskanir (e. *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*) eða DSM-5 var gefin út árið 2013 (Saddock og Saddock, 2015). Þróunarvinna hófst að nýju árið 2019 þar sem hópur sérfræðinga fór yfir kerfið og greindi úrelt efni. Einnig var skipaður vinnuhópur sem fór yfir textann með tilliti

til jafnaðar, kynþáttafordóma og mismununar í orðalagi og stimplunar í textanum. Þessi þróunarvinna fól ekki í sér breytingar á greiningarviðmiðum heldur urðu nokkrar nauðsynlegar breytingar á orðalagi og skýringum sem voru samþykktar og kom ný útgáfa, DSM-5-TR (*The Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, Fifth Edition, Text Revision*) út í mars árið 2022. DSM samanstendur af þremur meginþáttum: greiningarflokkun, greiningarviðmiðunum og lýsandi texta (American Psychiatric Association, e.d.).

ICD flokkunarkerfið er alþjóðleg flokkun allra sjúkdóma, meiðsla og raskana. Á Íslandi er tekið mið af ICD og hefur 10. útgáfa þess verið í notkun. Hins vegar kom út 11. útgáfa (*International Classification of Diseases and Health Related Problems, 11th revision*) í byrjun árs 2022. Það er textamunur á DSM og ICD, en sáttmáli hefur verið gerður milli læknafélagsins í Bandaríkjunum og WHO um að samræma skýrslur til þess að halda utan um alþjóðlega tölfraði í geðheilbrigðismálum (World health organization, e.d.).

3.2 Áhættuhegðun

Áhætta í hegðun eða athöfnum er talin vera eðlilegur hluti af unglingsárunum að einhverju leyti. Áhætta af jákvæðum toga getur jafnvel verið nauðsynleg til þess að efla sjálfstraust og mynda félagsleg tengsl. Það þarf ekki að þýða að alvarlegur hegðunarvandi þróist síðar á lífsleiðinni (Heydon o.fl., 2011; Saddock og Saddock, 2015). Þegar hegðunin verður viðvarandi, eykst eða teygir sig inn á fullorðinsárin má skilgreina hana sem áhættuhegðun. Hún hefur neikvæðar afleiðingar og áhrif á andlega heilsu og líðan (Heydon o.fl., 2011). Sú hegðun birtist gjarnan í vímuefnaneyslu, afbrotum, sjálfsskaðandi hegðun, óábyrgri hegðun í umferðinni og óöruggri kynlífshegðun (Saddock og Saddock, 2015). Kenningar sem fjalla um áhættuhegðun telja að hún sé afleiðing veikra tengsla og skorts á stuðningi í barnæsku. Sterk og góð tengsl við fjölskyldu og samfélagið í heild í geta komið í veg fyrir þróun áhættuhegðunar á unglingsárunum (Heydon o.fl., 2011).

Gerald Patterson (1989) setti fram líkan þar sem hann skýrði þróun áhættuhegðunar. Hann taldi áhættuhegðun tengjast öðrum félagslegum þáttum í lífi barna og ungmenna. Eins og mynd 2 sýnir getur skortur á stuðningi og eftirliti í barnæsku leitt til hegðunarvanda síðar. Þegar hegðunarvandi er að þróast leiðir það gjarnan af sér höfnun frá jafnöldrum og námsörðugleika. Afleiðingarnar verða að barnið myndar tengsl við

önnur börn í svipaðri stöðu þar sem hegðunarvandi og áhættuhegðun þróast með vímuefnanotkun og afbrotahegðun (Patterson o.fl., 1989).



Mynd 2. Þróun áhættuhegðunar byggd á líkani Pattersons (1989).

Rannsóknir sýna að ýmislegt getur haft áhrif á þróun áhættuhegðunar. Bæði samfélagsleg viðhorf og tími getur mótað hugmyndir fólks og skilning á áhættuhegðun. Ákveðin hegðun getur því verið skilgreind áhættuhegðun innan ákveðinna menningarhópa sem ekki er talin athugaverð í öðrum hópum. Einnig má telja að skilningur hafi breyst í tímans rás og jafnvel ákveðin hegðun sem var litið á sem áhættuhegðun á árum áður er ekki talin það nú (Haydon o.fl., 2011).

Rannsóknir á þróun áhættuhegðunar beinast margar hverjar að fjölskyldunni. Þær benda oft til þess að fjölskyldugerð geti haft áhrif á þróun áhættuhegðunar (Childs o.fl., 2020). Talið er að ungmenni sem koma úr skilnaðarfjölskyldum og börn einstæðra mæðra séu tvöfalt líklegri til þess að neyta áfengis og vímuefna heldur en ungmenni sem búa með báðum foreldrum sínum (Rúnar Vilhjálmsson, 2011; Gustavsen o.fl., 2016; Childs o.fl., 2020). Einnig eru ungmenni í aukinni áhættu þar sem fjölskyldan er fjölmenn, eiga til að mynda mörg systkini. Þá er jafnvel hættu á að foreldrar verji minni tíma með hverju barni auk þess sem þrengsli á heimili geta aukið líkurnar á ágreiningi og vanlíðan (Gustavsen o.fl., 2016).

Samskipti innan fjölskyldunnar geta einnig verið áhrifavaldur þegar kemur að þróun áhættuhegðunar. Niðurstöður rannsókna á samskiptum og uppeldisaðferðum sýna að ungmenni sem upplifa lítinn stuðning, fáar samverustundir og skipandi uppeldisaðferðir eru í aukinni hættu að leiðast út í áfengis- og vímuefnaneyslu (Loke og Mak, 2013). Sigrún Aðalbjarnardóttir (2019) gerði rannsókn sem fjallaði um uppeldisaðferðir foreldra. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ungmenni, sem upplifa foreldra sína leiðandi, eru ólíklegri til þess að reykja og neyta áfengis og vímuefna heldur en ungmenni sem upplifa foreldra

sína skipandi eða afskiptalaus. Samskiptahæfni ungmenna er mikilvægur þáttur í þroska, líðan og hegðun þeirra. Ungmenni sem sýndu góða samskiptahæfni voru líklegri til þess að hafa meira sjálfstraust, betri sjálfstjórn og ganga betur í námi ásamt því að vera ólíklegri til þess að neyta áfengis- og vímuefna og þar með þróa með sér frekari áhættuhegðun (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

3.3 Forvarnir og verndandi þættir

Rannsóknir hafa sýnt að regluleg hreyfing meðfram meðferðarúrræðum stuðlar að bættri almennri heilsu. Þátttaka í reglulegri hreyfingu gæti verið mikilvægur þáttur í árangursríkri meðferð vegna vímuefnavanda. Ávinningurinn af hreyfingu er bæði líkamlegur og andlegur og birtist í jákvæðari viðhorfum, betri svefni og andlegri líðan sem skilar sér í bættum samskiptum (More o.fl., 2017; More o.fl., 2018). Þrátt fyrir að niðurstöður sýni mikinn ávinning af hreyfingu samhliða meðferðarúrræðum eru vísbendingar um að ekki sé lögð mikil áhersla á hreyfingu í meðferðarvinnu með ungmennum, hvort sem er í formi líkamsræktar eða annarrar tómstundaiðkunar sem felur í sér líkamlega og andlega virkni (More o.fl., 2017). Forvarnargildi íþróttar er mjög hátt og sýna niðurstöður íslenskra rannsókna að þátttaka barna og ungmenna hefur jákvæð áhrif á líðan (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2018).

Rannsókn Loke og Mak (2013) sýnir fram á að samverustundir ungmenna með foreldrum sínum hafa jákvæð áhrif á líf þeirra. Ef foreldrar hafa áhuga á lífi barnanna sinna og fylgjast vel með er minni hættu á að þau þrói með sér ýmis félagsleg vandkvæði (Loke og Mak, 2013; Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2018). Stöðug og jákvæð samskipti ungmenna við foreldra sína ásamt stuðningi hefur jákvæð áhrif á námsárangur og vinatengsl. Foreldrasamvinna er einnig verndandi þáttur gegn áhættuhegðun ungmenna. Ef foreldrar þekkja vini barna sinna og foreldra þeirra dregur það úr því að ungmenni prófi vímuefni og má þakka góðum tengslum við nærumhverfið. Stöðugleiki á heimili og að búa við öruggar aðstæður hefur einnig jákvæð áhrif á börn og ungmenni. Það minnkar líkur á á geðrænum vandkvæðum, til að mynda þunglyndi og kvíða (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2018).

Á Íslandi hefur náðst einstakur árangur þegar kemur að vímuefnaneyslu ungmenna. Á vesturlöndum er neysla ungmenna í 8.–10. bekk grunnskóla með því lágsta sem gerist (Rannsóknir og greining, 2021). Þennan góða árangur má þakka öflugum forvarnarstarfi og markvissum rannsóknum. Árið 1992 hófust mælingar á vímuefnaneyslu ungmenna þar

sem neysla þeirra var vaxandi vandamál á þeim tíma. Í kjölfarið var settur saman hópur fólks í félagsvísindum og þeirra sem störfuðu með börnum og ungmennum til þess að setja fram stefnu til þess að snúa þessari þróun við. Markmiðið var að kortleggja vandann með því að skoða félagslega þætti sem hafa áhrif á vímuefnaneyslu og í kjölfarið hanna forvarnarlíkan (Rannsóknir og greining, e.d.). Niðurstöðurnar voru samfélagsleg nálgun þar sem foreldrar og skóli er styrktur í stuðningshlutverkinu og fjölgað tækifærum ungmenna til þess að stunda skipulagt tómstundastarf. Forvarnarlíkanið *íslenska módelið* varð til út frá alþjóðlegum rannsóknum ásamt rannsóknum stofnunarinnar Rannsóknir og greining. Módelið byggir á samstarfi fjölmargra aðila til að mynda foreldra, kennarara, íþróttafélaga og fleiri aðila sem koma að málum barna og ungmenna (Rannsóknir og greining, e.d.).

4 Þjónusta við börn og ungmenni með fjölþættan vanda

Í þessum kafla verður farið yfir réttindi barna og þá þjónustu sem stendur börnum og ungmennum til boða sem glíma við fjölþættan vanda. Í fyrsta kafla verður farið yfir íslenskt lagaumhverfi og alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að ásamt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í öðrum kafla verður fjallað um barnavernd, barnaverndarlög nr. 80/2002, tilkynningar, málsmeðferð og úrræði barnaverndar. Í þriðja kafla verður fjallað um stoðþjónustu þar sem verður gerð grein fyrir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og réttindi fatlaðra samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

4.1 Réttindi barna samkvæmt íslensku lagaumhverfi

Í ýmsum lögum er fjallað um réttindi barna og hvernig skuli vernda börn og tryggja velferð þeirra með þjónustu og stuðningi (Stjórnarráð Íslands, 2022). Ísland á einnig aðild að mörgum alþjóðasamningum og yfirlýsingum þar sem réttindi barna og fatlaðra barna eru tryggð. Má hér nefna *Barnasáttmálann* og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Stjórnarráð Íslands, e.d.-a).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn, var lögfestur á Íslandi árið 2013. Í Barnasáttmálanum eru réttindi barna flokkuð í þrjá meginflokka sem eru vernd, umönnun og þátttaka. Vernd fjallar um að barn eigi rétt til lífs og frelsis til þess að tjá sig, hafa skoðanir og trú. Einnig eiga börn að njóta friðhelgi fjölskyldu og einkalífs. Umönnun er réttur barna til að hafa aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu, ásamt tækifærum til að þroskast. Þátttaka er réttur barna til að láta skoðanir sínar í ljós í öllum þeim málum sem varða þau. Því skal taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska. Fjórar greinar sáttmálans eru ákveðnar grundvallarreglur og eru rauði þráðurinn í gegnum greinar hans. Þær fjalla um að öll börn eiga að vera jöfn óháð bakgrunni og ávallt skal taka ákvarðanir með tilliti til hvað þeim sé fyrir bestu. Hlutverk stjórnvalda er að tryggja að réttindum samkvæmt sáttmálanum sé framfylgt í íslensku lagaumhverfi og öll börn njóti sömu tækifæra til þess að þroskast og njóta lífsins óháð stöðu, bakgrunni og fjárhag foreldra þeirra (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að aðildarríki skulu tryggja réttindi barna með tilliti til fjölskyldulífs, þar sem börnum og fjölskyldum

þeirra skulu veittar viðeigandi upplýsingar, þjónusta og stuðningur. Í formálsorðum samningsins kemur einnig fram að ríkin skulu leggja áherslu á samþættingu málefna fatlaðra (Stjórnarráð Íslands, e.d.-b). Í Barnasáttmálanum er einnig kveðið á um að aðildarríki skulu virða réttindi fatlaðra barna og tryggja þeim viðeigandi umönnun og þjónustu (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

4.2 Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun (e. early intervention) vísar til aðgerða sem gerðar eru snemma á lífsleiðinni. Rekja má upphaf hugmyndafræðinnar til Bandaríkjanna þar sem snemmtækri íhlutun er beitt í þjónustu við börn og ungmenni með þroskafrávik og sem eru í áhættu varðandi ýmsa erfiðleika, ásamt fjölskyldum þeirra (Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Hagfræðingurinn James Heckman (2012) sýndi fram á mikinn fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélög með því að fjárfesta í framtíð hvers manns með snemmtækri íhlutun. Sé gripið snemma inn í líf barna mun það skila sér í betri árangri í námi, aukinni atvinnuþátttöku á fullorðinsárum og fjárhagslegum sparnaði í heilbrigðis- og félagskerfinu (Heckman, 2012). Rannsóknir Love o.fl. (2005) og Anderson o.fl. (2003) á snemmtækri íhlutun fyrir fjölskyldur ungra barna sýna lægri tíðni ýmissa vandkvæða seinna á lífsleiðinni. Stuðningur við fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og efling foreldrahæfni mun leiða til betri tilfinninga- og félagslegs þroska barna og draga úr líkum á hegðunarvanda, vímuefnaneyslu og afbrotahæðun á unglingsárunum (Love o.fl., 2005; Anderson o.fl., 2003).

Áhugi stjórnámálanna á snemmtækri íhlutun hefur aukist verulega víða um heim vegna þekkingar á því hversu skynsamleg fjárfesting snemmtæk íhlutun er fyrir samfélög. Ef vel á að vera þyrfti að innleiða hugmyndafræðina í öll kerfi sem þjónusta börn og fjölskyldur, heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfið. Mikilvægur þáttur snemmtæktrar íhlutunar er að þjónustan sé heildstæð og beinist að fjölskyldunni sem heild. Þá er átt við að skima fyrir áhættuþáttum sem hafa áhrif á velferð barna, sem til að mynda eru þroskaraskanir, geðræn vandkvæði, tengslavandi, heimilisofbeldi, fjárhagsvandi og aðrir félagslegir erfiðleikar (Sólrun Erlingsdóttir og Anna María Jónsdóttir, 2019). Á Íslandi hefur áhugi á snemmtækri íhlutun einnig aukist á undanförunum árum, bæði hefur þekking fagfólks hér á landi aukist ásamt áhuga almennings. Núverandi mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, hefur sýnt snemmtækri íhlutun mikinn

áhuga og útfært miklar breytingar í þágu barna á Íslandi (Sólrún Erlingsdóttir og Anna María Jónsdóttir, 2019). Líkt og Heckman (2012) lét fyrrnefndur ráðherra gera mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum frumvarps um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna nr. 440/2020-2021. Sú greining leiddi í ljós að með því að fækka áföllum barna og efla seiglu þeirra fæst gríðarlegur fjárhagslegur ávinningur fyrir þjóðfélagið (Félagsmálaráðuneytið, 2019)

4.2.1 Samþætting þjónustu

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tóku gildi 1. janúar árið 2022. Markmið laganna er að börn og foreldrar þeirra hafi aðgang að samþættri þjónustu og snemmtækum stuðningi við hæfi án hindrana. Lögin skulu auðvelda börnum og foreldrum aðgengi að réttindum sínum. Lögin ná til þjónustu sem veitt er á vettvangi ríkis og sveitarfélaga og nær til þjónustu innan skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins, félagsþjónustu, íþróttá- og æskulýðsfélaga og verkefna lögreglu sem snúa að börnum. Samkvæmt lögum er farsæld barna skilgreind sem aðstæður sem skapa barni skilyrði til þess að þroskast á eigin forsendum líkamlega, vitsmunalega, siðferðislega og félagslega (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021).

Í lögum nr 86/2021 er sú þjónusta sem snýr að börnum og fjölskyldum þeirra nefnd *farsældarþjónusta*. Þjónustan skiptist í þrjú stig og nær yfir öll svið þjónustu við börn. Fyrsta stigs þjónusta er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og fjölskyldum þeirra. Markmiðið er að veita einstaklingsbundna þjónustu með snemmtækum stuðningi. Annað stig þjónustu felur í sér markvissan stuðning sem er veittur út frá faglegu mati eða frumgreiningum á þörfum barna. Þriðja stig þjónustu er sérhæfður stuðningur þar sem skal tryggja farsæld barna. Þessi stuðningur er veittur í samræmi við ítarlegt mat og greiningu á þörfum barns. Sérhæfður stuðningur skal vera veittur á grundvelli stuðningsáætlana um samþætta þjónustu. Ásamt því skal vera eftirfylgd með máli barnsins (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Samhliða innleiðingu umræddra laga urðu einnig til ný lög um barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021. Barna- og fjölskyldustofa tók við af fyrrnefndri Barnaverndarstofu. Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu er að samhæfa barnaverndarstarf í landinu og gæta þess að unnið sé út frá farsældarþjónustu ásamt öðrum verkefnum (lög um barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021).

4.2.2 Þjónusta á vegum ríkisins

Á sjöunda áratug síðustu aldar börðust foreldrar og fagfólk fyrir bættri þjónustu í þágu fatlaðra barna þar sem mikill skortur var á skóla- og þjónustuúrræðum. Í kjölfarið voru skipaðar ýmsar nefndir til þess að fjalla um málið og setja fram tillögur að úrbótum. Það var ýmislegt sem ávannst í kjölfarið en á seinni hluta áttunda áratugsins var mörgu enn ábótavant og kerfið seinvirkt. Árið 1986 varð Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem átti að þjónusta allt landið, að veruleika eftir langa þróun. Samhliða nýrri þekkingu þróaðist starfsemin og árið 2003 voru sett lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem urðu að lögum um Ráðgjafar- og greiningarstöð nr. 83/2003 (Þóra Leósdóttir, 2011) árið 2021 samhliða farsældarlögunum nr. 86/2021. Samkvæmt þeim lögum er hlutverk hennar að tryggja lífsgæði barna með þroskaskerðingar með því að gæta þess að þau fái viðeigandi greiningu og ráðgjöf. Árið 2021 varð breyting á 1. gr laganna og var bætt við að þjónustan skuli vera fjölbreytt og fjölskyldumiðuð með áherslu á snemmtæka íhlutun (lög um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003). Með snemmtækri íhlutun er átt við samræmda þjónustu með markvissri íhlutun sem skal veita snemma í lífi barns. Markmiðið er að hafa jákvæð áhrif á framvindu þroska barns og framtíðarhorfur þess og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu, ásamt því að stuðla að sjálfsbjörg og virkri þátttöku barns í samfélaginu (lög um Ráðgjafar- og greiningastöð nr. 83/2003).

Félagsmálaráðuneytið fer með framkvæmd laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) í samvinnu við sveitarfélögin. Í lögunum er kveðið á um að ríkið skuli sjá fyrir stoðþjónustu, þar sem mæta skal meðal annars þörfum fatlaðra barna fyrir umönnun, svo og nauðsynlegri aðstoð fyrir fjölskyldur þeirra. Undir ákvæðið fellur einnig þjónusta á borð við stuðning í skólakerfinu, stuðningsfjölskyldu, skammtímavistun, sumardvöl, ráðgjöf vegna barna með fjölþættan vanda samhliða þroska- og geðröskunum og búsetu barns utan heimilis. Samkvæmt 20. grein laganna skal félagsmálaráðuneytið skipa teymi fagfólks vegna barna með fjölþættan vanda sem þurfa meiri þjónustu en unnt er að veita innan heimilis. Teymið skal ákveða hvaða úrræða barnið þarfnast og á grundvelli hvaða laga, þessara laga eða barnaverndarlaga nr. 80/2002 (lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018).

4.3 Barnavernd

Barnaverndarlög nr. 80/2002 ná til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Samkvæmt lögum eru börn einstaklingar 18 ára og yngri. Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Til þess skal styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til þess að vernda börn þegar við á. Barnavernd skal ávallt hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og beita ráðstöfunum sem eru barni fyrir bestu (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndar þegar grunur er um að barn búi við óviðunandi aðstæður, barn er beitt ofbeldi eða vanrækt eða barn stofnar heilsu sinni eða þroska í hættu. Þegar tilkynning berst til barnaverndar þarf að taka ákvörðun um hvort tilefni sé til þess að hefja könnun á málinu. Þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls verður tilkynningin að barnaverndarmáli (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Markmiðið með könnun máls er að afla allra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði. Upplýsinga er aflað um hagi barns, andlegt og líkamlegt ástand þess, tengsl við foreldra og aðra, aðbúnað á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan. Þegar mál hefur verið kannað að fullu skal gera grein fyrir niðurstöðum í greinargerð. Þar skulu einnig koma fram tillögur að stuðningi eða úrræði ef því er að skipta. Ef niðurstaða leiðir í ljós að þörf er á sértæku úrræði skal gera áætlun um meðferð máls í samráði við forsjáraðila og barn sem hefur náð 15 ára aldri, einnig skal hafa samráð við yngri börn í samræmi við aldur þeirra og þroska. Áætlun er gerð til ákveðins tíma og endurskoðuð að tímabili loknu (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndarstofa og nú Barna- og fjölskyldustofa heldur utan um tölfræði tilkynninga og ráðstöfun í úrræði ár hvert. Árið 2021 voru tilkynningar til barnaverndar 13.264. Tilkynningum fjölgaði um 0,9% frá 2020 en 16,9% í samanburði við tilkynningar árið 2019. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða um og undir 40% á árunum 2019-2021 og er það í samræmi við fyrri ár. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur fjölgað undanfarin ár. Fæstar tilkynningar frá opinberum aðilum berast frá leikskólum eða um og undir tvö prósent (Barnaverndarstofa, 2022-a). Tafla 1 sýnir tilkynningar til barnaverndar eftir landsvæðum. Eins og sjá má hefur þeim hefur fjölgað á landsbyggðinni og í nágrenni Reykjavíkur en tilkynningum fækkað lítillega í Reykjavík árið 2021. Nágrenni

Reykjavíkur nær yfir sveitarfélögin Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Tilkynningum til barnaverndar hefur fjölgað nokkur síðustu ár. Árið 2020 voru þær 41,1 % fleiri en árið 2016 (Barnaverndarstofa, 2022-a).

Tafla 1. Tilkynningar til barnaverndar eftir landsvæðum (Barnaverndarstofa, 2022-a).

	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4.677	41,2%	5.316	40,3%	4.954	37,4%
Nágrenni Reykjavíkur	3.000	26,4%	3.511	26,6%	3.600	27,1%
Landsbyggðin	3.667	32,3%	4.356	33%	4.710	35,5%
Heildarfjöldi	11.344	100%	13.183	100%	13.264	100%

Árið 2004 vann Freydís J. Freysteinsdóttir félagsráðgjafi tilraunaverkefni um gerð skilgreiningar- og flokkunarkerfis (SOF) barnaverndar. Skipaður var faglegur bakhópur frá fimm sveitarfélögum og árið 2005 var SOF kerfið tekið í notkun. Árið 2012 voru gerðar nokkrar breytingar á kerfinu. Þá var skilgreining á flokknum *áhættuhegðun* útvíkuð (Barna- og fjölskyldustofa, 2022). SOF kerfið skiptist í fjóra meginflokka og hver um sig skiptist í undirflokka þar sem fjallað er um mismunandi tegundir. Flokkarnir eru *vanræksla gagnvart barni, barn beitt ofbeldi, áhættuhegðun barns* og *heilsa og líf ófædds barns í hættu* (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012; Barna- og fjölskyldustofa, 2022). Hér verður nánar fjallað um áhættuhegðun barns þar sem sá flokkur á við efni þessarar rannsóknar.


Áhættuhegðun barns er flokkuð í nokkra undirflokka sem eru: barn neytir vímuefna og/eða annarra skaðlegra efna, barn sýnir sjálf skaðandi hegðun, barn reynir að komast undan forsjá forráðamanna eða virðir ekki útivistarreglur, afbrot barns, barn beitir ofbeldi, ástundun og/eða hegðun barns í skóla er ábótavant (Barna- og fjölskyldustofa, 2022). Tafla 2 sýnir ástæður tilkynninga en flestar tilkynningar árin 2019 til 2021 bárust vegna vanrækslu. Hlutfallið er svipað milli ára eða um 42% af heildarfjölda tilkynninga. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi hefur hækkað frá árinu 2019 frá 26,4% upp í 28,9% árið 2021 (Barnaverndarstofa, 2022-a).

Tafla 2. Ástæður tilkynninga til barnaverndar milli ára (Barnaverndarstofa, 2022-a).

	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla á börnum	4.759	42%	5.696	43,2%	5.614	42,3%
Ofbeldi gegn börnum	2.990	26,4%	3.759	28,5%	3.827	28,9%
Áhættuhegðun barns	3.509	30,9%	3.572	27,1%	3.714	28%
Vegna ófæddis barns	86	0,8%	151	1,1%	102	0,8
Samtals	11.344	100%	13.183	100%	13.264	100%

Tafla 2 sýnir hlutfall tilkynninga um áhættuhegðun barns og hafa þær verið um og undir 30% af heildarfjölda tilkynninga til barnaverndar. Árið 2021 var hlutfall þeirra 28% sem er 4,5% fækkun frá árinu 2020. Tilkynningar um áhættuhegðun barns voru 5,8% fleiri árið 2019 (Barnaverndarstofa, 2022-a).

Mynd 3 sýnir fjölda tilkynninga eftir undirflokkum áhættuhegðunar. Barnavernd flokkar tilkynningarnar eftir flokkum SOF og þeir eru eins og hér segir: vímuefnaneysla barns, barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu, afbrot barns, barn beitir ofbeldi og erfiðleikar barns í skóla eða skólasókn ábótavant (Barnaverndarstofa, 2022-a).



Mynd 3. Samanburður milli ára á fjölda tilkynninga um áhættuhegðun barna til barnaverndar (Barnaverndarstofa, 2022).

Mynd 3 sýnir að flestar tilkynningar um áhættuhegðun eru tengdar börnum sem stefna eigin heilsu eða þroska í hættu. Tilkynningum vegna vímuefnaneyslu hefur fækkað frá árinu 2019 eða um 18,7 prósent. Einnig má vekja athygli á því að tilkynningum um barn sem beitir ofbeldi hefur fjölgað gríðarlega milli áranna, eða um 41 prósent frá árinu 2019 til 2021 (Barnaverndarstofa, 2022-a).

Í töflum hér að ofan og mynd 3 eru sýndar tölur um heildarfjölda tilkynninga en ekki fjölda barna, þar sem tilkynning getur borist oftár en einu sinni um sama barn. Árið 2019 var fjöldi barna sem tilkynnt var um 5.963 og árið 2020 voru þau 6.704. Kynjahlutfall barna, sem tilkynnt er um, er fremur jafnt í öllum flokkum og undirflokkum. Þó hafa tilkynningar um áhættuhegðun barns skorið sig úr hvað kynjahlutfall varðar. Drengir eru í miklum meirihluta eða um og undir 67% og stúlkur í kringum 30%. Hlutfall stúlkna fór þó hækkandi árið 2021 og voru um 37,2% tilkynninga um áhættuhegðun og drengir 62,8% (Barnaverndarstofa, 2022-a). Frá janúar 2020 hefur verið boðið upp á kynhlutlausu skráningu samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019. Af heildarfjölda tilkynninga árið 2020 voru tvær skráningar utan kynjatvíhyggjunnar og sjö árið 2021 (Barnaverndarstofa, 2022-a).

Árið 2020 bárust 3.572 tilkynningar um áhættuhegðun, af þeim urðu 3.264 tilkynningar að barnaverndarmáli. Sama ár, í kjölfar könnunar máls í flokki áhættuhegðunar, urðu niðurstöðurnar þær að í 37,9% mála var þörf á ráðstöfunum í úrræði á grundvelli laga nr. 80/2002. Samkvæmt Barnasáttmálanum og barnaverndarlögum nr. 80/2002 skal vera samráð við barn um mál er það varðar, með tilliti til aldurs þess og þroska. Árið 2019 var rætt við barnið við könnun máls í 66,1% tilfella og árið 2020 í 59,5 % tilfella (Barnaverndarstofa, 2022-b).

4.3.1 Úrræði barnaverndar


Þegar könnun barnaverndarmáls leiðir í ljós að þörf er á að ráðstafa barni í sérstakt úrræði samkvæmt lögum nr. 80/2002 er ávallt reynt að vera í samvinnu við foreldra og barn þar sem við á. Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru þrjár lagagreinar sem ná yfir ráðstöfun í úrræði. Þær fjalla um úrræði með samþykki foreldra og barns og úrræði utan heimilis með samþykki foreldris. Ef samvinna við foreldra skilar engum árangri skal beita 25. grein laganna sem fjallar um úrræði án samþykkis foreldra þar sem umdæmisráð getur

úrskurðað gegn vilja þeirra í tiltekið úrræði sem barnavernd gerir tillögu um (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Þau úrræði sem barnavernd ráðstafar í eru bæði rekin af ríkinu og önnur af sveitarfélögum en að auki ráðstafar barnavernd stöku sinnum barni í einkarekin sérhæfð úrræði (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.).

Stuðningsúrræði

Þegar niðurstöður könnunar máls leiða í ljós að þörf er á úrræði er algengast að börn og foreldrar fái stuðningsúrræði frá barnavernd þar sem leitast er við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra. Þar er þeim leiðbeint um uppeldi og aðbúnað barna ásamt því sem barn fær stuðning. Þau úrræði sem gripið er til eru tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi, stuðningsfjölskylda og stuðningsmeðferð. Tafla 3 sýnir fjölda barna í stuðningsúrræðum barnaverndar árin 2019 og 2020. Algengt er að fleiri en einu stuðningsúrræði sé beitt í máli sama barns (Barnaverndarstofa, 2022-b).



Mynd 4. Fjöldi í stuðningsúrræðum barnaverndar árin 2019 og 2020 (Barnaverndarstofa, 2022).

Fjölkerfameðferð - MST

MST er meðferðarúrræði fyrir börn frá tólf til átján ára með alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin miðar helst að því að þjálfra færni foreldra til þess að takast á við vanda barnanna. MST byggir á meðferð inni á heimili þar sem barnið vinnur að því í samvinnu

við foreldra að bæta hegðun í sínu eðlilega umhverfi. Markmið MST er að barnið búi heima hjá sér, stundi skóla eða vinnu og haldi sig frá því að komast í kast við lögin, neyta vímuefna og að beita ofbeldi. Sérhæfður meðferðaraðili sinnir meðferðinni og hafa foreldrar aðgang að ráðgjafa eða þerapista allan sólarhringinn. Meðferðin er aðlöguð þörfum hverrar fjölskyldu fyrir sig og sett fram skýr meðferðarmarkmið í upphafi (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a). Innleiðing og árangur MST á Íslandi hefur verið viðfangsefni í nokkrum nemendarannsóknum þar sem niðurstöður sýna flestar góðan árangur fjölkerfameðferðarinnar MST (Thelma Þorbergsdóttir, 2011; Helga Einarsdóttir, 2017; Selma Guðbrandsdóttir, 2021). Fjöldi barna í fjölkerfameðferð á vegum barnaverndar var 115 árið 2019 og 137 árið 2020 (Barnaverndarstofa, 2021).

Stuðlar

Stuðlar er meðferðarstöð ríkisins fyrir ungmenni frá tólf til átján ára. Starfsemin skiptist í neyðarvistun og meðferðardeild. Hugmyndafræðin, sem unnið er eftir á Stuðlum, er áhugahvetjandi samtalsmeðferð (MI) og félagsfærni- og sjálfstjórnarmeðferð (ART) og fá starfsmenn sérstaka þjálfun í að beita þessum aðferðum. Neyðarvistun er bráðaúrræði þar sem hámarksvistunartími er fjórtán sólarhringar og skal aldrei vista barn í neyðarvistun lengur en þörf krefur. Barnaverndarnefndir hafa einungis heimild til að vista barn á neyðarvistun. Gert er ráð fyrir því að vistun á meðferðardeild standi að jafnaði yfir í átta til tólf vikur. Meðferðin er að mestu leyti einstaklingsmiðuð en stuðst er við ákveðna dagskrá og atferlismótandi þrepakerfi þar sem miðað er að því að auka félagsfærni, sjálfstjórn og nýta eigin styrkleika. Útivist, tómstundir og íþróttir eru hluti af dagskránni og ásamt því fer fram nám á vegum Brúarskóla. Foreldrar hafa tækifæri til þess að vera í samskiptum við börnin sín meðan á meðferð stendur á ákveðnum heimsóknartímum og í helgarleyfum ásamt meðferðarviðtölum. Þegar barn hefur lokið meðferð á Stuðlum er möguleiki á áframhaldandi meðferð á meðferðarheimili eða sex mánaða eftirfylgd hjá stoðteymi Stuðla þar sem aðgangur er að sálfræðingi og ráðgjafa (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b).

Tafla 3. Fjöldi barna á Stuðlum (Barnaverndarstofa, 2021)

	2019	2020
Meðferð á Stuðlum	25	20
Neyðarvistun á Stuðlum	82	69
Eftirfylgd eftir meðferð	33	25
Samtals	140	114

Tafla 3 sýnir fjölda barna í meðferð og í neyðarvistun á Stuðlum árin 2019 og 2020. Barn getur komið oft en einu sinni yfir árið. Einnig getur barn farið á neyðarvistun, síðan á meðferðardeild og að lokum í eftirfylgd. Til að mynda voru innkomur á neyðarvistun samtals 220 árið 2019 og 153 komur árið 2020. Tafla 3 sýnir einnig fjölda barna í eftirfylgd á árunum, bæði fjölda sem hófst á árinu og frá fyrra ári (Barnaverndarstofa, 2021).

Meðferðarheimili

Stuðlum tilheyrja einnig tvö meðferðarheimili, annars vegar langtímameðferðarheimili á Lækjarbakka og hins vegar stuðningsheimilið Fannafold. Lækjarbakki er á Rangárvöllum í Rangárvallasýslu þar sem er rými fyrir sex skjólstaðinga samtímis sem hafa lokið meðferð á Stuðlum. Gert er ráð fyrir sex mánaða vistunartíma þar sem lögð er áhersla á tómstundir, skóla eða vinnu (Barna og fjölskyldustofa, e.d.-b).

Stuðningsheimilið Fannafold er ætlað þeim sem hafa lokið meðferð á Stuðlum eða í öðrum úrræðum og þurfa frekari stuðning sem ekki er unnt að veita barninu á heimili sínu. Rými er fyrir þrjá einstaklinga samtímis og er þar lögð áhersla á sjálfstæði og samfélagslega virkni (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b).

Ríkið rekur einnig meðferðarheimilið Bjargey sem er ætlað stúlkum og kynsegin sem þurfa sérhæfða meðferð vegna hegðunarvanda, vímuefnaneyslu eða afbrota. Rými er fyrir fjóra til fimm einstaklinga að dvelja á heimilinu samtímis og er lögð áhersla á öruggt skjól og meðferð við hæfi. Markmið heimilisins er einstaklingsmiðuð þjónusta þar sem notendur fá að þroskast í heilbrigðu umhverfi og efla félagsfærni og sjálfsstjórn. Starfið er byggt á atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð og áfallamiðuðum stuðningi (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b). Fjöldi barna á meðferðarheimilum árið 2019 voru 22 börn og árið 2020 voru 15 börn. Þessi ár var einnig vistað á meðferðarheimilinu Laugalandi sem var meðferðarheimili fyrir stúlkur en því var lokað sumarið 2021 (Barnaverndarstofa, 2021).

4.4 Stuðningsþjónusta

Aðildarríkjum Barnasáttmálans ber skylda til að virða réttindi fatlaðra barna og tryggja þeim viðeigandi þjónustu. Við framkvæmd laga, þegar börn eiga í hlut, skal því taka mið af Barnasáttmálanum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þegar ákvarðanir eru teknar í málefnum þeirra (lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna nr. 40/1991). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur á Íslandi árið 2016 og með því hefur Ísland skuldbundið sig til þess að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í samningnum. Hann hefur þó ekki verið lögfestur hér á landi sem þýðir að samningurinn hefur ekki verið gerður að lögum. Lögfesting þýðir að hægt er að byggja á ákvæðum hans hjá dómstólum (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Markmið samningsins er að tryggja að fatlaðir njóti sömu mannréttinda og aðrir. Fatlað fólk, samkvæmt samningnum, er einstaklingar sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem koma í veg fyrir fulla samfélagsþátttöku (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

4.4.1 Stuðningsþjónusta sveitarfélaganna

Sveitarfélögum ber að veita lögbundna þjónustu og aðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og tryggja velferð og félagslegt öryggi íbúa. Markmið laganna er að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu, tryggja góð uppeldisskilyrði sem efla þroska barna og ungmenna og mæta þörfum þeirra. Einnig er markmið að veita einstaklingsbundna þjónustu sem miðar að valdeflingu. Sú þjónusta sem heyrir undir lögin er félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónusta, þjónusta við börn og unglinga, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlað fólk, húsnæðismál og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda (lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna nr. 40/1991). Í 25. – 29. grein fyrrnefndra laga er fjallað um markmið og skyldur sveitarfélaga um stuðningsþjónustu. Hún skal veitt börnum með fötlun og fjölskyldum þeirra þegar þörf er á hvort sem er innan eða utan heimilis samkvæmt reglugerðum sveitarfélaga. Ráðherra gefur út leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu og tímafjölda ásamt því hvernig þjónustuþörf er metin (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Samkvæmt 3. grein í leiðbeiningum ráðherra skal meta þörf fyrir stuðningsþjónustu í samvinnu við umsækjanda. Við mat á þjónustuþörf eru fjórir þættir skoðaðir: Þörf fyrir stuðning, félagslegar aðstæður, færni og styrkleikar og samfélagsþátttaka, virkni og valdefling.

Tímafjöldi, sem stuðningur er veittur, er í samræmi við þörf og getur verið allt að fimmtán tímum á viku (Félagsmálaráðuneytið, 2020).

Lögin eru hins vegar rammalög og er því á valdi sveitarfélaganna að framkvæma lögin og veita þjónustu í kringum þarfir fatlaðra barna og foreldra þeirra. Stuðningsþjónusta getur því verið ólík eftir sveitarfélögum. Sú þjónusta sem er veitt innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er til að mynda einstaklingsstuðningur eða liðveisla, stuðningsfjölskyldur, skammtímadvöl, unglingsmiðjur, foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, sérkennsla og ferðaþjónusta (Reykjavík, e.d.; Kópavogur, e.d.; Garðabær, e.d.; Hafnarfjörður, e.d.). Ásamt því ber sveitarfélögum að veita félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar um félagsleg réttindi og leiðbeina í félagslegum og persónulegum áskorunum (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

4.5 Vopnabúrið

Vopnabúrið er einkarekið úrræði og var stofnað af Birni Má Sigurbjörnssyni Brink félagsráðgjafa og Tinnu Dahl Christiansen, viðskiptafræðingi í lok árs 2020. Markmið Vopnabúrsins er að leggja áherslu á grunnildi einstaklingsins og að hann nái góðu jafnvægi milli svefns, næringar og hreyfingar til þess að ná betri tókum á námi, félagslífi og tómstundum. Vopnabúrið má skilgreina út frá hugmyndum um þróunarvinnu sem felst í því að einstaklingar finna fyrir vöntun á þjónustu við samfélagið og hrinda af stað verkefni til þess að uppfylla þörfina. Slík aðferð nefnist „grasrót“ þegar hugmyndin kemur frá botni og fer upp (e. bottom up) að frumkvæði samfélagsins (Larsen, Sewpaul og Hole, 2014). Í Vopnabúrinu er í grunninn verið að beita hugmyndafræði félagsráðgjafar og þeim verkfærum sem félagsráðgjafar læra að nota í námi sínu (Björn Már Sigurbjörnsson Brink, munnleg heimild, 20. september 2022). Samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa á Íslandi er grundvöllurinn að bera virðingu fyrir hverjum og einum og hafa trú á getu hans til þess að nýta hæfileika sína til fulls. Félagsráðgjafar hafa það markmið að leiðarljósi að vinna á félagslegum vanda og vinna gegn félagslegu ranglæti og mannréttindabrotum (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d).

Hugmyndin að úrræðinu er sprottin af reynslu Björns sem barnaverndarstarfsmaður og lögreglumaður. Mikil vöntun er á sérsniðnum úrræðum þar sem notendum er mætt á heildstæðan hátt, unnið einkum út frá grunnildum um svefn, næringu og hreyfingu

ásamt áföllum í formi samtalsmeðferðar. Einnig sprettur hugmyndin að Vopnabúrinu út frá löngum biðlistum í úrræði innan Barnaverndarstofu, sem nú ber heitið Barna- og fjölskyldustofa (Björn Már Sigurbjörnsson Brink, munnleg heimild, 20. september 2022; lög um Barna- og fjölskyldustofa nr. 87/2021). Tekið var á móti fyrsta notandanum í febrúar árið 2021. Notendur koma inn í Vopnabúrið ýmist í gegnum stuðningsþjónustu eða barnavernd og í einstaka tilfellum hafa foreldrar sóst eftir þjónustu fyrir barnið sitt á eigin vegum. Úrræðið er miðað að börnum og ungmennum með fjölpættan vanda en þó eru engin ákveðin inntökuskilyrði í Vopnabúrinu.

Björn, eigandi og framkvæmdastjóri, er einnig eini fasti starfsmaður úrræðisins. Þá kemur Tinna, eigandi og rekstrarstjóri, einnig inn eftir þörfum og sinnir rekstrartengdum verkefnum sem og kennslu í förðun og naglaásetningu. Úrræðið hefur fengið inn einn verktaka sem hefur komið inn þegar hentar og vantar fleiri starfskrafta. Umræddur starfsmaður hefur ellefu ára reynslu sem meðferðarfulltrúi á meðferðarheimilinu Lækjarbakka. Hjá úrræðinu hafa einnig verið þrír nemar frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, sem reynst hefur kærkomin viðbót að sögn Björns. Frá stofnun Vopnabúrsins hefur verið lögð mikil vinna í að sannreyna úrræðið á grundvelli faglegrar nálgunar í formi matslista þar sem um mælanlegan árangur er að ræða ásamt reynslu og upplifun skjólstæðinga og foreldra í úrræðinu (Björn Már Sigurbjörnsson Brink, munnleg heimild, 20. september 2022). Í Vopnabúrinu er notað matstækið ASEBA (Björn Már Sigurbjörnsson Brink, munnleg heimild, 20. september 2022). ASEBA stendur fyrir Achenbach System of Empirically Based Assessment og er matstæki sem var hannað af dr. Thomas M. Achenbach á sjöunda áratug síðustu aldar. Matstækið var þróað til þess að fá fjölbreyttari mynd af geðrænum áskorunum barna og unglunga. ASEBA er alhliða gagnreynt matskerfi sem metur hæfni, styrkleika, aðlögunarhæfni, líðan, hegðunar- og tilfinningavanda ásamt félagslegum vanda (Aseba.org, 2022).

5 Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um aðferð rannsóknarinnar, en innan félagsvísinda eru helstu aðferðir annars vegar meginlegar (e. quantitative) og hins vegar eigindlegar (e. qualitative). Munurinn á þessum aðferðum endurspeglar mun á því hvernig félagsvísindafólk nálgast viðfangsefni sitt. Meginlegar rannsóknir eru byggðar á tölulegum gögnum og felast rannsóknaraðferðir til dæmis í notkun spurningalista sem lagður er fyrir úrtak þess hóps sem ætlunin er að alhæfa um. Þær henta vel til að fá yfirlit yfir tiltekið svið, um viðhorf eða hegðunarmynstur, og þær hafa það fram yfir eigindlegar aðferðir að hægt er að alhæfa um það þýði sem er til rannsóknar ef rannsóknin er rétt unnin (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003; Neuman, 2013). Eigindlegar rannsóknaraðferðir falla undir túlkandi félagsvísindi og miða að því að fá ítarlega innsýn í ákveðna félagslega þætti með það að markmiði að fá djúpan skilning á viðfangsefninu. Eigindlegar aðferðir eru mismunandi og leggja áherslu á ólíka þætti. Þar er hægt að nefna grundaða kenningu, frásagnaraðferð, fyrirbæranálgun, tilviksathugun svo dæmi séu tekin (Padgett, 2017).

Gagnasöfnun fyrir eigindlegar rannsóknir getur verið með opnum og hálfopnum viðtölum, rýnihópum, vettvangsrannsóknnum og þátttökuathugun (Neuman, 2013; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

5.1 Matsrannsókn

Rannsóknin er matsrannsókn (e. evaluation) á Vopnabúrinu sem er einkarekið úrræði fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda og byggist rannsóknin á eigindlegri aðferð. Þátttakendur í rannsókninni eru notendur Vopnabúrsins. Matsrannsóknir eru hagnýtar rannsóknir sem nýta hefðbundnar eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir. Þær leggja mat á árangur af einstökum úrræðum eða aðgerðum sem hafa það að markmiði að auka lífsgæði einstaklinga og hópa. Rannsóknarsnið er valið út frá því hvaða aðferðir henta til að svara þeim lykilspurningum sem eru settar fram og niðurstöðurnar má nýta við ákvarðanatöku varðandi viðkomandi úrræði og framtíðarstefnumótun (Weiss, 1972). Greint er á milli athugana sem gefa upplýsingar um ferli úrræða (e. process evaluation), framkvæmd úrræða (e. implementation evaluation) og upplýsingar um árangur úrræða (e. outcome evaluation). Athugun á árangri félagslegra úrræða samkvæmt aðferð matsrannsókna felur í sér mat á þeim þáttum sem úrræðið byggir á. Hvaða tegund mats er valin ræðst af markmiði athugunarinnar (Unrau, Gaborog Grinnell, 2007). Samkvæmt

matsrannsóknnum hafa áhrifarík úrræði nokkra þætti sem má greina út frá ákveðnum matsspurningum og ferilslíkani. Þar sem þættir úrræðisins eru greindir eftir tilgangi og mælingum á áhrifum. Greina má áður nefnda þætti þó að ekki fari fram nákvæmt mat á árangri þátttakenda í úrræði og kostnaði við þátttökuna (Yegidis o.fl., 1999). Matsrannsókn hentar því vel þessari rannsókn þar sem með henni var ætlað að leggja mat á hvort þjónusta og skipulag Vopnabúrsins sé í samræmi við markmið og hugmyndafræði úrræðisins og hvort það mæti þörfum notenda. Notað var ferilslíkan til þess að meta hvort þjónusta og skipulag úrræðisins sé samkvæmt markmiði og hugmyndafræði úrræðisins ásamt því hvort úrræðið mæti þörfum skjólstæðinga samkvæmt upplifun þeirra.

5.2 Eigindleg aðferðarfræði

Höfundur valdi eigindlega aðferðafræði sem á vel við viðfangsefnið sem er að fá upplifun og sýn barna og ungmenna sem hafa notið þjónustu Vopnabúrsins. Gagnaöflun í eigindlegum aðferðum getur verið í formi einstaklingsviðtala, rýnihópaviðtöl, vettvangsathugun og þátttökuathugun. Rýnihópaviðtöl eru gjarnan opin eða hálfstöðluð viðtöl við hóp viðmælenda. Rýnihópur hentar vel rannsóknum sem ætlað er að kanna samskipti, orðræðu innan ákveðins hóps. Vettvangsathugun er að rannsakandi fylgir eftir ákveðnum einstaklingi eða hópi til þess að kanna félagslegt umhverfi og skráir hjá sér hvað hann sér og upplifir. Þátttökuathugun er framkvæmd á þann hátt að rannsakandi verður hluti af hópnum. Slík aðferð er notuð án samþykkis þátttakenda, oft í bland við einstaklingsviðtöl (Padgett, 2017).

Viðtöl í eigindlegum aðferðum geta verið ýmist opin eða hálfstöðluð og viðtölin aðlöguð því hvaða upplýsingum er ætlað að ná fram (Ryen, 2011). Takmarkanir eigindlegra rannsókna eru fyrst og fremst taldar felast í alhæfingargildi þeirra (e. generalizability) þar sem ekki er hægt að heimfæra niðurstöður yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í rannsókn (Neuman, 2013). Í rannsókninni var hálfstaðlað viðtal tekið við notendur Vopnabúrsins og notuð fyrirbæranálgun sem felst í því að kanna upplifun á fyrirbæri og öðlast skilning á viðfangsefninu. Þátttakendur rannsóknarinnar eiga það sameiginlegt að hafa reynslu af fyrirbærinu og markmiðið er að kanna sameiginlega upplifun viðmælenda (Padgett, 2017).

5.3 Þátttakendur

Við val á þátttakendum er grundvallarreglan sú að viðmælendur hafi persónulega reynslu af fyrirbærinu sem ætlunin er að skoða (Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Mögulegir þátttakendur þessarar rannsóknar voru ungmenni sem eru í úrræðinu Vopnabúrið eða hafa lokið þátttöku og hafa því persónulega reynslu af því. Til þess að nálgast þátttakendur var fenginn hliðvörður. Hliðvörður er fagaðili á vettvangi sem stýrir aðgengi rannsakanda að þátttakendum. Hlutverk hans er að gæta hagsmuna þátttakenda og eru gjarnan hliðverðir til staðar í rannsóknum þar sem þátttakendur eru börn (Jupp, 2006; Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015).

Í þessari rannsókn var stjórnandi Vopnabúrsins hliðvörður, þar sem hann veitti rannsakanda aðgang að vettvangi og þátttakendum. Þátttakendur eru fjórir drengir á aldrinum 14-19 ára. Viðtölin fóru fram ýmist á starfsstað Vopnabúrsins eða á heimili þátttakanda. Til þess að gæta nafnleyndar voru þátttakendum gefin dulnefni og eru þau Óskar, Arnar, Einar og Baldur. Þátttakendur komu frá þremur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður greint nánar frá þeim til þess að gæta þess að þátttakendur séu ekki persónugreinanlegir. Misjafnt var hversu lengi þátttakendur voru í meðferð í Vopnabúrinu en þeir voru allt frá þremur mánuðum upp í rúmlega eitt ár. Þrír þátttakendur eru enn í meðferð og einn hefur lokið meðferð.

5.4 Gagnaöflun og framkvæmd

Í þessari rannsókn var gagnaöflun í formi hálfstaðlaðra viðtala við fjögur börn og ungmenni sem hafa verið í Vopnabúrinu og upplýsingaviðtal við stjórnanda Vopnabúrsins. Viðtölin voru hljóðrituð og í kjölfarið afrituð orðrétt. Að lokum voru viðtölin kóðuð og þemagreind. Öllum gögnunum verður eytt að rannsókn lokinni. Þann 13. september 2022 var kynningarbréf sent stjórnanda Vopnabúrsins sem áframsendi það til foreldra barna og ungmenna í Vopnabúrinu. Upplýsingaviðtal við stjórnanda Vopnabúrsins var tekið 20. september 2022 og í kjölfarið var haft samband við foreldra skjólstæðinga og óskað eftir viðtali. Foreldrar átta skjólstæðinga sýndu rannsókninni áhuga en þó mælti rannsakandi sér aðeins mót við fjóra. Viðtölin fóru fram frá septemberlokum og fram í október.

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst formlega í lok apríl 2022 við gerð rannsóknaráætlunar og fór rannsóknarvinnan fram til 28. nóvember 2022. Viðtalsrammar voru útbúnir fyrir einstaklingsviðtölin og upplýsingaviðtalið. Haft var samband við

Persónuvernd, en vinnsla persónuupplýsinga er ekki háð heimild Persónuverndar byggja hún á upplýstu samþykki samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

5.5 Siðferðisleg álitamál og takmarkanir

Siðferðisleg álitamál eru mikilvægur þáttur í rannsóknum. Nafnleynd og trúnaður er ein af áskorunum rannsakanda í eigindlegum aðferðum, að varðveita bæði nafnleynd og verðleika gagnanna (Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir, 2021). Vel var gætt að nafnleynd í rannsókninni og trúnaði var heitið við þátttakendur. Nafnleyndar var gætt með því að fjarlægja allar persónugreinandi upplýsingar og hljóðupptökum frá viðtölum var eytt um leið og úrvinnslu gagna var lokið.

Eftir að þátttakendur höfðu verið fengnir í rannsóknina voru foreldrar þeirra beðnir um að skrifa undir upplýst samþykki. Í upplýstu samþykki komu fram upplýsingar um rannsóknina, hugsanlegur ávinningur og hvað felst í því að taka þátt. Einnig var greint frá því að þátttakandi hefði rétt á að hætta þátttöku hvenær sem er, án skýringa (Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir, 2021; lög um vísindarannsóknir á heilbrigðisvísindum nr. 44/2014). Í rannsóknum þarf einnig að vinna eftir skaðleysislögmálinu. Það kveður á um að rannsakanda er skylt að valda ekki skaða og að gæta hagsmuna þátttakanda (Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir, 2021).

Í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að rannsakandi vinni að rannsókninni á eins hlutlausan hátt og hægt er. Bakgrunnur rannsakanda gæti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar og er því hlutdrægni ávísun á skekkju í rannsókninni. Hlutlægni er því mikilvægur þáttur til þess að koma í veg fyrir skekkju í rannsóknarferlinu og niðurstöðum. Til þess að vinna rannsókn á sem hlutlausastan hátt þarf rannsakandi að ígrunda vel sínar eigin skoðanir og tileinka sér hlutlaust viðhorf gagnvart viðfangsefninu (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Eins og hefur komið fram var rannsakandi í starfsnámi í Vopnabúrinu þar sem hann kynntist starfinu og myndaði sér skoðanir á úrræðinu. Því er afar mikilvægt að rannsakandi gæti þess að vera hlutlaus svo að eigin skoðanir liti ekki rannsóknarferlið og að niðurstöðurnar verði ekki gildishlaðnar.

Rannsókn þessi takmarkast við upplifun og reynslu barna og ungmenna sem hafa verið í Vopnabúrinu. Takmarkanir eru að úrræðið er nýtt og þátttakendur voru fáir og því

verður ekki hægt að afhæfa niðurstöður rannsóknarinnar. Þá er rannsóknin framkvæmd af nema sem er óreyndur í rannsóknarvinnu.

6 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Fjallað verður um markmið úrræðisins, þjónustubættir kortlagðir út frá ferilslíkani ásamt hugmyndafræði og uppbyggingu úrræðisins út frá upplýsingaviðtali. Skoðað verður hvort þessir bættir séu í samræmi við markmið úrræðisins. Einnig verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr einstaklingsviðtölum við skjólstæðinga Vopnabúrsins út frá þeim þemum sem komu fram við greiningu gagna. Þemu og undirþemu eru: fyrirkomulag, dagskrá, virkni, þarfir notenda, líðan, stuðningur og viðhorf til úrræðisins. Mat á úrræðinu byggist á viðtölum við notendur úrræðisins og upplýsingum um markmið, skipulag og hugmyndafræði úrræðisins.

6.1 Framkvæmd Vopnabúrsins

Markmið Vopnabúrsins er að leggja áherslu á grunngildi einstaklingsins og að hann nái góðu jafnvægi milli svefnis, næringar og hreyfingar til þess að ná betri tókum á námi, félagslífi og tómstundum. Í upphafi er farið yfir þessa þætti með notandanum og hann aðstoðaður við að setja upp ákveðið daglegt skipulag meðfram skóla. Notendur geta fengið aðgang að appi þar sem sett er upp æfingafyrirkomulag og leiðbeiningar um mataræði. Það er einnig markmið að vera stuðningur fyrir skjólstæðinginn og foreldra þar sem fjölskyldumeðferðarformið er nýtt. Í því felast forvarnir, fræðsla, aðstoð við að setja sér markmið ásamt því að veita verkfæri til þess að takast á við bresti sem koma upp. Þá eiga börnin að geta gripið til þeirra verkfæra sem stilla þau af eða til þess að fá útrás fyrir tilfinningarnar.

Markmið úrræðisins út frá klínísku sjónarhorni er að geta létt á skólakerfinu og aðstoða þau börn sem hafa þörf fyrir annars stigs þjónustu. Getu komið inn með snemmtæka íhlutun og komið í veg fyrir að vandinn verði stærri og barn þurfi á þriðja stigs þjónustu að halda. Snemmtæk íhlutun er mikill samfélagslegur sparnaður og að grípa strax inn í þegar ákveðinn vandi er að þróast. Björn tjáir að það sé draumur að geta verið hluti af teymi sem veitir heildstæða þjónustu innan skólanna og veitir foreldrum þjónustu strax. Þar með má koma í veg fyrir langa biðlista sem gjarnan kosta langt ferli sem felur í sér samráðsfundi og mat til þess að þjónusta sé veitt.

6.1.1 Notendur og inntaka í úrræðið

Úrræðið miðar að því að kortleggja styrkleika barnsins á fræðilegum grunni þar sem barnið prófar sig áfram í hinum ýmsu tómsundum og íþróttum. Fjöldi notenda í úrræðinu er alla jafna frá fimm til átta á sama tímabili en aðeins einn notandi í viðveru í einu. Hingað til hefur kynjahlutfall í úrræðinu verið ójafnt og hafa notendur flestir verið drengir. Stjórnandinn greinir þó frá því að Vopnabúrið er opið fyrir öll kyn, þar sem barnið fær að upplifa sig á eigin forsendum og er sjálft við stýrið þar sem áhugasvið skjólstæðingsins er í forgrunni.

Þegar tekið er á móti nýjum notanda í Vopnabúrinu er fyrsta skrefið að funda með þeirri stofnun sem sækir eftir þjónustu, stuðningsþjónustunni eða barnavend. Vandinn er krufinn og saga notanda rakin, stundum er þörf á að fá sögu viðkomandi frá fæðingu. Hvað hefur markað spörin, er saga um áföll og fleira? Því næst er settur upp fundur þar sem allir hittast, fullrúar stofnunar, foreldrar og barnið. Markmiðið með þeim fundi er að kynna úrræðið, sýna aðstöðuna og fara yfir hvað er gert og til hvers er ætlast. Reynt er að kynnast barninu, finna hverjir eru styrkleikarnir, hvar áhuginn liggur og hvað mætti betur fara í lífi þess

6.1.2 Dagskrá

Dagskrá úrræðisins er einstaklingsmiðuð og því engir tveir með eins fyrirkomulag. Gerð er ákveðin dagskrá með hverjum og einum en þó ávallt hægt að breyta til. Í upphafi viðverutíma eru skjólstæðingarnir yfirleitt sóttir, ýmist heim til sín eða í skóla, eftir því hvað samið er um í byrjun. Í bílferðinni er gjarnan hlustað á tónlist, spjallað saman þar sem viðtalstækni er beitt með því að spyrja skjólstæðinginn hvað hafi drifið á daga hans síðan síðast. Þá tekur við ákveðið skipulag sem getur verið hreyfing, til dæmis að lyfta lóðum, hjólatúr, útreiðartúr, akstur torfærutækja, tónlistarvinna, tölvuleikir og fara út í boltaleiki. Að hreyfingu lokinni velur skjólstæðingur sér viðfangsefni eftir áhugamáli. Áhugamál þeirra eru margvísleg og í Vopnabúrinu er komið til móts við alla. Í lok tímans er skjólstæðingurinn keyrður til baka þar sem myndast rými til þess að spjalla og fara yfir tíma dagsins, hvað gekk vel og að hverju er stefnt. Félagsráðgjafi er með skjólstæðingnum allan tímann og tekur þátt með honum og því er stöðug samtalsmeðferð meðfram því sem verið er að gera.

6.1.3 Hugmyndafræði

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir í Vopnabúrinu kemur í grunninn frá hugmyndafræði félagsráðgjafar þar sem notandanum er mætt þar sem hann er staddur og notuð valdefling, heildarsýn, lausnamiðuð og tengslamyndandi nálgun. Unnið er með hvatningarkerfi þar sem við á en Björn minnst á að sú aðferð henti ekki alltaf. Hvatningarkerfið er byggt á gagnreyndum aðferðum á grunni atferlisfræða og þroskaþjálfunar og þau fræði henta vel í tilfellum sumra skjólstæðinga.

Barn kemur yfirleitt í Vopnabúrið í gegnum stuðningsþjónustu eða barnavernd, þar liggur fyrir meðferðaráætlun og aðgerðaráætlun í máli þess. Vopnabúrið er því partur af þeirri áætlun þegar ákvörðun er tekin um að barnið muni sækja þjónustu í úrræðið. Áætlunin getur falið í sér að efla félagslega virkni, áfallamiðaða meðferð, koma í veg fyrir þróun alvarlegs hegðunarvanda og áhættuhegðunar, finna styrkleika og byggja undir þá og/eða aðstoð með almenna heilsu. Þegar foreldrar koma á eigin vegum er gerður samstarfssamningur við þá og gerð áætlun um hvað þarf að bæta í lífi barnsins, finna vandann og vinna með hann í skrefum. Ásamt því þurfa foreldrar, barn og eftir tilfellum aðrir fagaðilar að fylla út matslista sem mælir innri og ytri þætti í lífi barnsins auk styrk- og veikleika þess. Oft á tíðum kemur barn í úrræðið af ákveðinni ástæðu og síðar kemur í ljós ákveðin rót vandans sem hefur aðra birtingarmynd í hegðun. Þetta geta verið til dæmis áföll, kvíði, mögulegar greiningar og/eða aðrar geðrænar áskoranir.

Áætlun í máli notanda, sem er gerð við Vopnabúrið, er einstaklingsmiðuð. Hún er metin á um það bil þriggja mánaða fresti og framhaldið metið, en endurmatið fer eftir hverju máli fyrir sig. Þeir þættir, sem einblínt er sérstaklega á í úrræðinu, eru stjálfsstyrking, sem viðkemur sjálfsmynd, sjálfsþekkingu og sjálfsvitund þar sem styrkleikar og félagsleg virkni eru í forgrunni. Auk þess er ávallt í boði ef svo ber undir að veita foreldrum ráðgjöf og stuðning hvað varðar foreldrahæfni á grunni PMTO auk þeirra verkfæra sem við á hverju sinni út frá fjölskyldumeðferðarfræðum. Væntingar Vopnabúrsins eru að einstaklingarnir vilji gera hlutina á eigin forsendum, hvort sem það er að leggja sig fram í námi, stunda íþróttir eða huga vel að líkamlegri og andlegri heilsu. Björn greinir frá því að í þeim málum þar sem samtarf er við stuðningsþjónustu og barnavernd er gott þverfaglegt samstarf, úrræðið fær að vera með í framvindu mála og fær boð á fundi og þess háttar. Hann segir einnig að það hafi komið fyrir að foreldrar vilji

hafa mál barna sinna aðskilin, en brýnir þá fyrir þeim að ávallt er árangurinn meiri ef mál barns er unnið sem ein heild.

Þá hefur bæst við nýtt og spennandi verkefni í Vopnabúrinu í samstarfi við grunnskóla í Hafnarfirði þar sem um er að ræða fræðslu- og forvarnarverkefni sem ber heitið *Töff – Vertu besta útgáfan af þér sjálfum*. Um er að ræða fræðsluerindi í formi fyrirlesturs og myndbanda þar sem einblínt er meðal annars á sjálfstraust og sjálfsmynd, styrkleika, virðingu, birtingarmyndir ofbeldis og samfélagsmiðla. Um er að ræða átaksverkefni vegna stöðu unglunga í 7. – 10. bekk þar sem vanvirðing og ofbeldi á meðal þeirra hefur færst í aukana.

6.1.4 Viðbrögð foreldra

Þessi rannsókn fjallar um upplifun notenda af Vopnabúrinu og þær niðurstöður er að finna hér að neðan. Rannsakanda lék þó forvitini á að vita hvort Vopnabúrið hefði fengið viðbrögð foreldra. Björn játar því og segir að viðbrögðin hafi verið mjög jákvæð. Hann vísar þá í ummæli sem hann hefur fengið um að foreldrar þurfi ekki að hafa áhyggjur af barninu sínu þann tíma sem það ver í Vopnabúrinu, en það er gjarnan reynsla foreldra að hafa miklar áhyggjur af barninu þar sem um er að ræða til dæmis áhættuhegðun í formi hegðunar- og vímuefnavanda. Björn greinir einnig frá því að hann fái skilaboð með þakklæti og foreldrar finni mikinn mun á líðan barna sinna eftir hvern tíma. Hann segir mikilvægt að finna stuðninginn frá foreldrum og sé hann í almennt góðum samskiptum við foreldra notenda. Björn bendir einnig á að hann fái oft foreldra til sín sem vilja komast að í þjónustu í Vopnabúrinu með barnið sitt en mál þeirra hafi ekki fengið framgang hjá barnavernd.

6.1.5 Eftirfylgd

Þegar notandi kemur inn í þjónustu í gegnum barnavernd og hefur síðan lokið þátttöku í Vopnabúrinu er engin eftirfylgd. Í flestum tilfellum er um að ræða barnaverndarmál sem er lokið og þá er engin heimild til þess að fylgjast með hvernig skjólstæðingnum gengur eftir að hafa verið í úrræðinu. Hefð er fyrir því að halda fund í lokin þar sem farið er yfir stöðuna og þar með er aðkomu Vopnabúrsins að málinu lokið. Gildi Vopnabúrsins eru virðing, traust og auðmýkt og bindur Björn vonir við að skjólstæðingarnir hafi tileinkað sér þau ásamt því að grunnþarfirnar svefn, næring og hreyfing séu hafðar í heiðri. Þá er horft til þess að sjálfstyrking í starfinu með notendum skili sér og að þeir nýti þau verkfæri sem

þeim eru fengin í átt til betra lífs bæði í leik og starfi ásamt því að tileinka sér einkunnarorðin sem höfð eru að leiðarljósi: nýr dagur - ný tækifæri.

6.2 Þjónustupættir

Þjónustupáttum Vopnabúrsins má skipta niður í fjóra þætti. Þeir eru styrkleikar, félagsleg virkni, sjálfsmynd og sjálfsþekking og hjálp til sjálfshjálpar. Í töflu 5 má sjá kortlagningu á þjónustupáttum úrræðisins. Einnig er greint frá tilgangi hvers þjónustupáttar fyrir sig og hvernig áhrif þessara þátta eru mæld í úrræðinu.

Tafla 4. Þjónustupættir Vopnabúrsins.

Þættir úrræðisins	Hver er tilgangur þátta?	Hvernig eru áhrif þátta mæld?
Styrkleikar	Markmiðið að vinna út frá styrkleikum hvers og eins og aðtoða skjólstæðinga að finna sína styrkleika	ASEBA matslisti
Félagsleg virkni	Leita eftir því að skjólstæðingurinn vilji vera virkur í sínu lífi á eigin forsedum	ASEBA matslisti
Sjálfsmynd og sjálfsþekking	Byggja upp sterka sjálfsmynd og sjálfsvitun. Þjálf þau að standa með sjálfum sér og vita hvert þau vilja stefna í lífinu	ASEBA matslisti
Hjálp til sjálfshjálpar	Tilgangurinn að kveikja neista hjá börnunum til að vilja gera hluti fyrir sjálf sig og vera sjálfstæðir einstaklingar	ASEBA matslisti

6.2.1 Matstæki

ASEBA matslistinn gefur ákveðna heildstæða mynd um hvaða þætti ber að hafa í huga og varpar ljósi á vandann. Eftir að ASEBA var tekið í notkun í Vopnabúrinu er hægt að sjá strax hvar á að byrja að vinna með skjólstæðingnum. Endurmat er gert á um það bil þriggja mánaða fresti þar sem hægt er að sjá hvernig skjólstæðingurinn stendur og hvort árangur hefur orðið. Björn segir einnig að reynslan sé sú að foreldrum þykir yfirþyrmandi að svara matslistanum, þar sem hann inniheldur margar spurningar og tekur tíma að svara honum samviskusamlega. Matslistinn gerir það hins vegar að verkum að gæði starfsins verða mun meiri þar sem hægt er að styðjast við hann og vinna markvisst með skjólstæðingunum.

Því er gerð sú krafa að svara ASEBA listanum til þess að skjólstæðingur fái að koma í Vopnabúrið.

6.3 Upplifun notenda

Hér verður gerð grein fyrir upplifun notenda af Vopnabúrinu út frá hálf stöðluðum viðtölum. Nokkur þemu komu í ljós við gagnagreiningu, til að mynda fyrirkomulag, líðan, viðhorf, stuðningur, viðhorf, staða meðferðar og framtíðarsýn. Hér verður gerð grein fyrir fjórum meginþemum ásamt undirþema.

6.3.1 Fyrirkomulag

Staða viðmælenda rannsóknarinnar var misjöfn, eftir því hvort þeir voru enn í meðferð hjá Vopnabúrinu eða höfðu lokið henni. Einnig var misjafnt hversu lengi skjólstæðingarnir höfðu verið í úrræðinu, allt frá þremur mánuðum upp í rúmlega ár. Algengt er að skjólstæðingar mæti tvisvar í viku og þá alltaf á föstum dögum. Einn viðmælandi greindi frá því að hann mætti í Vopnabúrið eftr hentisemi og úrræðið kæmi alltaf til móts við hann. Viðmælendurnir voru spurðir hvort þeir hafi fengið að vera með í þeirri ákvörðun að mæta í Vopnabúrið. Allir svöruðu þeirri spurningu játandi og greindu einnig frá því að þeim hafi þótt úrræðið spennandi og haft áhuga á að prófa. Breytilegt var hverjir kynntu úrræðið fyrst fyrir viðmælendum en það voru ýmist foreldrar eða barnavernd.

Dagskrá

Dagskrá viðmælenda er ólík, þar sem þeir greindu allir frá því að dagskráin er alfarið gerð í samvinnu við þá, eftir þeirra áhugamáli og þörfum. Algengast er að dagskráin sé ákveðin fyrir hvern tíma og því engin sérstök skipulögð dagskrá til lengri tíma. Þar sem áhugamálin eru ólík eru engir tímar eins. Flestir eru með ákveðin áhugamál sem þeir sinna í Vopnabúrinu en aðrir hafa meiri fjölbreytni. Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig hefðbundinn tími væri í Vopnabúrinu sögðu allir að þeir gerðu það sem þeir vildu hverju sinni. Til að mynda sagði Óskar með þessum orðum:

Mér finnst mjög gaman að lyfta, mig langar að vera kraftlyftingarmaður... þannig við komum á staðinn og lyftum bara. Hann er líka með svona rafmagnshlaupahjól, er líka með tölvur... sko er eiginlega hægt að gera allt. Ég er mest að lyfta því mig langar aðallega að gera það.

Flestir eru með fyrirfram ákveðna dagskrá sem er lagt upp með fyrir tímann en stundum er engin ákveðin dagskrá heldur skjólstæðingnum mætt þar sem hann er þann

daginn. Baldur greindi frá því að það væri misjafnt hvernig tímarnir hans eru skipulagðir og segir:

Já stundum og stundum bara plönum við ekki neitt og spjöllum og gerum bara eitthvað. Það er eiginlega bara allt upp á mig komið, eða ekki beint...ef ég segi bara við hann hvað mig langar að gera í næsta tíma þá finnum við bara út úr því.

Einar tók í sama streng og greindi frá því að oftast er lagt upp með ákveðna dagskrá fyrir tímann. Arnar var á sama máli og sagðist mega alveg ráða hvað hann gerði í Vopnabúrinu. Það væri ekkert á dagskrá sem hann vildi ekki gera og sagðist hafa fengið aðstoð með að finna áhugamálin sín í Vopnabúrinu. Misjafnt er hvað viðmælendurnir gera í Vopnabúrinu en þeir til að mynda eru í líkamsrækt, golfi, fara á krossara, rafhlaupahjól, körfubolta, spila, fara í keilu og svo lengi mætti telja eins og Baldur greindi frá:

Hann reddar bara því sem ég vil gera. Ef ég bið um að gera eitthvað þá bara reddar hann því, ef ég bið um að fara í keilu, hann reddar því, golf, hann reddar því, körfubolta, reddar því, bara hann reddar þessu bara öllu.

6.3.2 Stuðningur

Stuðningur var þema sem kom út úr öllum viðtölunum. Þá töluðu viðmælendur mikið um stjórnanda Vopnabúrsins og hvernig hann mætir þeim, hlustar og er til staðar. Allir voru ánægðir með að hafa einhvern til að tala við á meðan þeir stunduðu íþróttir eða aðrar tómsundir. Óskar greinir frá upplifun sinni með þessum orðum:

Við erum vinir og kemur og ert alltaf með vin, getur talað við hann og erum að lyfta saman. Svo tjillum við aðeins saman og tölum saman og líður alltaf vel eftir það...hann er alltaf þarna til að hlusta á þig og já... er alltaf þarna fyrir þig ef þig vantar eitthvað.

Viðmælendur finna fyrir miklum stuðningi í Vopnabúrinu og upplifa að þeim sé mætt á jafningjagrundvelli. Baldur lýsir einnig upplifun sinni af þeim stuðningi sem hann fær og segir úrræðið mæta skjólstæðingum þar sem þeir eru og „dæmi ekki“, en hann lýsti fyrir rannsakanda hvernig hann upplifir viðhorf fullorðinna og stofnanna á sjálfum sér. Hann greinir frá áföllum í lífi sínu sem hann hefur tekist á við með ýmissi hegðun sem telja má óæskilega. Hann viðurkennir að sú hegðun sé engin lausn, en vill að honum sé mætt og leiðbeint af virðingu. Baldur lýsir upplifun sinni af stuðningi frá Vopnabúrinu á þennan hátt:

...hann er ekkert hærrí en ég því hann er fullorðinn svona eins og í fæðukeðjunni,.. við erum jafningjar. Við erum bara jafnir hann er ekkert betri, ég er ekkert betri við erum báðir jafn góðir...hann lætur krakka ekki líða illa með sjálfan sig, eins og foreldrar gera stundum

Þessar frásagnir eru afar lýsandi fyrir hvernig skjólstæðingar upplifa Vopnabúrið. Einar og Arnar hafa sömu sögu að segja og upplifa mikinn stuðning. Arnar hefur einnig sögu um áfall þegar hann var í Vopnabúrinu. Hann greindi frá því hvað það hjálpaði honum mikið að mæta í tímann og fá útrás fyrir tilfinningarnar í þeirri virkni sem hann velur sér í úrræðinu. Hann komst svona að orði: „...fór á krossara og náði að komast út úr öllu og ekki hugsa um það neitt á meðan.“

6.3.3 Líðan

Líðan viðmælenda hefur mikið breyst eftir að þeir byrjuðu að mæta í Vopnabúrið. Allir greina frá því að þeim líði vel og finnist gaman að mæta. Sumir greina frá bættri líðan almennt í lífinu á meðan aðrir finna fyrir gleði og tilhlökkun tengt úrræðinu. Arnar, Óskar og Baldur greindu allir frá því að þeir hlakki til að mæta. Einari líður einnig mjög vel í Vopnabúrinu og finnst gaman að mæta. Óskar segir: „ég elska þetta, ógeðslega gaman“ þegar hann var spurður hvernig honum líði í Vopnabúrinu. Hann greindi einnig frá því að hann finni fyrir bættri líðan almennt. Hann lýsir því með þessum orðum:

Mér líður alveg miklu glaðari eftir að ég byrjaði að koma. Mér líður bara vel þegar ég fer í Vopnabúrið, þú veist stundum ef ég er dapur og það er tími í Vopnabúrinu þá hugsa ég...já ég er að fara hitta vin minn og gera eitthvað skemmtilegt þú veist skemmta mér.

Arnar greinir einnig frá því að hann finni breytingar á sjálfum sér eftir að hann byrjaði að mæta í Vopnabúrið sem lýsir sér helst í betri hegðun. Hann hafi verið að glíma við ýmislegt sem leiddi til þess að hann sýndi slæma hegðun að hans sögn. Arnar segir að Vopnabúrið hafi verið áhrifavaldur hans í þeim efnum og að hann vilji gera betur. Hann greinir einnig frá að eftir að menntaskólagangan hófst hafi það verið mikil áskorun að halda í breytta hegðun vegna þess félagslega umhverfis sem menntaskólinn býður upp á. Rannsakandi spurði nánar út í þær aðstæður og Arnar segir: „bara menntaskólartý skiluru... breytist allt í menntaskóla... bara ég þarf að fara varlega ef ég geri það ekki þá endar maður stundum einhvers staðar ekki á góðum stað skiluru.“ Líkt og Arnar segir er hann þó

meðvitaður um þær áhættur sem felast í því að mæta í menntaskólapartý og greinir frá því að hann hugsi til þeirra ráða og verkfæra sem hann fékk í Vopnabúrinu.

Baldur upplifir einnig miklar breytingar á líðan eftir að hann byrjaði að mæta í Vopnabúrið. Hann segist upplifa mjög mikla gleði og bætt sjálfstraust. Hann lýsir fyrir rannsakanda hvernig honum leið áður en hann byrjaði í Vopnabúrinu, hann var inn í sig og gekk um með hettu á höfðinu til þess að geta falið sig sem mest. Í dag lýsir hann því hvernig hann gengur um ganga skólans fullur sjálfstrausts. Með þessum orðum lýsir hann líðan sinni nánar fyrir og eftir Vopnabúrið: „áður en ég byrjaði þá var eins og ég væri með tvo steypireyði á hvorri öxl sko og núna bara ekki með neitt sko, ég er bara miklu léttari.“

6.3.4 Viðhorf

Viðhorf viðmælenda til Vopnabúrsins er afar jákvætt. Allir telja úrræðið hafa hjálpað sér mikið og lítið sem þeir myndu vilja breyta eða gera betur. Að fá að ráða sjálfir hvernig þeir verja tíma sínum í úrræðinu stendur upp úr hjá þeim. Óskar segir Vopnabúrið vera fullkominn stað til þess að gleyma sér, hann lýsir með þessum orðum:

Þetta er eiginlega bara perfect staður til að koma þangað einn og tjilla. Það er margt að gera og eiginlega erfitt að hugsa hvað maður mundi breyta. Það er eiginlega bara perfect hvernig þetta er núna. Það kannski svona væri best að breyta væri að fá stærra svæði... allt annað er eiginlega bara perfect.

Stærra húsnæði með stærri aðstöðu er eini þátturinn sem kom upp sem viðmælendurnir vilja bæta í Vopnabúrinu. Að öðru leyti eru þeir allir mjög ánægðir með fyrirkomulagið, dagskrána, skipulagið og þá tólmstundaiðju eða íþrótt sem hægt er að stunda í Vopnabúrinu. Þeir segja allir úrræðið hafa hjálpað sér mikið og Arnar segir það með þessum orðum: „Mér finnst þetta vera að hjálpa vel, sko.“ Baldur er gríðarlega ánægður með Vopnabúrið og vildi óska þess að fleiri börn fengju að njóta þess að verja tíma þar. Hann kemst svo að orði:

Það er ekkert hægt að gera þetta betra sko, nema að hafa þetta fyrir alla krakka á Íslandi, útaf ég og einn annar vinur minn höfum verið hérna og hann segir bara sjálfur þetta hjálpaði honum mjög mikið og ég segi þetta líka.

7 Umræða

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og fjallað um þær í samhengi við fræðilega hluta ritgerðarinnar. Ásamt því verða dregnar ályktanir út frá niðurstöðum. Rannsókninni var ætlað að kortleggja úrræðið Vopnabúrið og kanna hvernig það mætir þörfum skjólstæðinga. Niðurstöðurnar byggja á upplýsingaviðtali við stjórnanda Vopnabúrsins ásamt viðtölum við fjögur ungmenni sem hafa verið notendur úrræðisins. Mikilvægt er að raddir barna og ungmenna fái að heyrast þegar kemur að því að meta úrræði sem er ætlað fyrir þau.

Hér verður einnig leitast við að svara rannsóknarspurningum sem eru: Hver eru viðhorf notenda til úrræðisins? Hverjar eru þarfir notenda úrræðisins? Mætir úrræðið þörfum notenda meðan á meðferðinni stendur? Er skipulag úrræðisins í samræmi við markmið og áætlanir í meðferð notandans? Eru aðferðir sem beitt er í samræmi við hugmyndafræði úrræðisins?

7.1 Viðhorf notenda til úrræðisins

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að viðhorf notenda úrræðisins til þess eru mjög jákvæð og sögðu þátttakendur það hjálpa þeim mikið að fá að mæta í Vopnabúrið. Viðhorf þeirra voru jákvæð til allra þátta sem rannsóknin nær yfir. Fyrirkomulagið fannst þeim einstaklega gott þar sem notendum er mætt þar sem þeir eru staddir og engar sérstakar kröfur eru gerðar til þeirra sem þeir geta ekki staðið undir. Skipulagið á viðverutímum er einstaklingsmiðað og hver og einn stjórnar virkni í sínum tíma sem þátttakendur nefndu allir að væri stór kostur við úrræðið.

Þátttakendur voru sammála um að það væri lítið sem þeir vildu breyta við fyrirkomulag úrræðisins. Allir greindu þeir frá því að Vopnabúrið væri skemmtilegt úrræði sem hjálpar þeim að efla sjálfstraust, finna styrkleika sína og eiga samtal á jafningjagrundvelli um hvernig þeir geti bætt sig í ákveðnum þáttum á eigin forsendum. Einn lýsti því að Vopnabúrið væri fullkominn staður til þess að koma og fá að njóta þess að gera ýmislegt skemmtilegt sem hann hefur áhuga á. Spurðir um gagnrýni sem þátttakendur hefðu á úrræðið um hvað betur mætti fara, þá voru þeir flestir sammála um að það mætti bæta aðstöðu úrræðisins með til að mynda stærra húsnæði. Þá einna helst til þess að rúma allar mögulegar tómsstundir og íþróttir sem börn og ungmenni óska eftir að stunda í Vopnabúrinu. Takmörk þess hvað hægt er að gera í úrræðinu eru engin svo

framarlega sem það eflir og styrkir notandann á jákvæðan hátt og færir hann nær því að vilja ná bata eða betri árangri hvort sem það er í námi, félagslegum samskiptum eða ná ákveðnu markmiði. Eins og einn viðmælandi sagði, þá fá allar hans hugmyndir hljómgrunn og hann upplifir engar hindranir hvað það varðar.

7.2 Þarfir notenda

Varpað hefur verið ljósi á úrræðaleyfi sem börn og ungmenni með flóknar þjónustuparfir hafa gjarnan mætt og samkvæmt lögum hefur með því verið brotið á réttindum þeirra (Anna Eygló Karlsdóttir, 2021; Margrét María Sigurðardóttir, 2015). Kenningar innan félagsvísinda sýna fram á mikilvægi stuðnings og tengsla sem einkennast af umhyggju og hlýju til þess að stuðla að þroska og móta sjálfsmynd barna (Bronfenbrenner, 1979; Bowlby, 1951). Börnum og ungmennum, sem skortir stuðning í frumbersku, er hættara við að leiðast út í áhættuhegðun svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldishegðun og afbrot (Patterson, 1989). Því er eins og fyrr segir stuðningur á fyrstu árunum gríðarlega mikilvægur bæði af hálfu umönnunaraðila og samfélagsins í heild. Hugmyndafræðin um snemmtæka íhlutun miðar að því að veita stuðning inn í líf barna snemma á lífsleiðinni ásamt því að grípa snemma inn í þegar vandi er að þróast (Love o.fl., 2005; Anderson o.fl., 2003). Því má álykta að markmið Vopnabúrsins sé vel til þess fallið að sinna þjónustu við börn og ungmenni á grundvelli snemmtækra íhlutunar, þar sem rannsóknir sýna einnig að börn með fjölþættan vanda eru í meiri hættu að þróa með sér áhættuhegðun (Hill, 2007).

Samkvæmt tölfræði barnaverndar beinast um 30% tilkynninga að áhættuhegðun barna (Barnaverndarstofa, 2022-a). Þau úrræði sem standa þeim börnum til boða eru stuðningsúrræði, fjölkerfameðferð – MST, meðferðarúrræði á Stuðlum og meðferðarheimili (Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-a; Barna- og fjölskyldustofa, e.d.-b; Barnaverndarstofa, 2022-b). Samkvæmt skýrslu stjórnenda barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu þurfa börn og ungmenni með fjölþættan vanda á sérhæfðum úrræðum að halda. Þeir kalla eftir aukinni samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga til þess að mæta þessum hópi barna sem best (Anna Eygló Karlsdóttir o.fl., 2021). Niðurstöður rannsókna sýna einnig að þarfir barna og ungmenna með fjölþættan vanda eru þannig að þau þurfa einstaklingsmiðaða og samþætta þjónustu þar sem unnið er þvert á kerfi, heilbrigðis- og velferðarkerfi (Hill, 2007; Cornelius o.fl., 2004; Eme, 2013; Wang og

Fredricks, 2014; McKee, 2013). Hegðunarvandi og önnur áhættuhegðun fylgir oft börnum með fjölþættan vanda. Þegar vandi þeirra gerir það að verkum að þau verða utanveltu í skóla og félagslífi sækja þau í félagskap annarra barna í svipaðri stöðu. Það er öllum börnum mikilvægt að falla inn í hópinn og fá að tilheyra (Patterson, 1989).

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við fyrri þekkingu á þörfum barna og ungmenna með fjölþættan vanda þar sem þau þróa að fá að tilheyra og þekkja styrkleika sína. Þátttakendur töldu Vopnabúrið hafa komið til móts við þarfir þeirra og greindu meðal annars frá því að þeir fá að vera þeir sjálfir án þess að vera dæmdir. Þeir finna fyrir öryggi til þess að tjá sig og fá leiðbeiningu um hvernig þeir komast á rétta braut. Út frá þessum niðurstöðum er hægt að álykta að úrræðið mæti þörfum notenda á meðan á meðferðinni stendur þar sem þátttakendur þessarar rannsóknar greindu frá því að þeir lendi aldrei í þeim aðstæðum að ekki sé tekið tillit til þarfa þeirra í Vopnabúrinu.

7.3 Skipulag úrræðisins

Markmið Vopnabúrsins er að leggja áherslu á grunnildi einstaklingsins með svefn, næringu og hreyfingu í forgrunni til þess að ná betri tókum á námi, félagslífi og tómstundum. Áætlun í máli notandans er gerð í upphafi og sett upp ákveðið daglegt skipulag þar sem sett eru markmið og miðað er að því að bæta ákveðna þætti. Áætlanir barnanna í úrræðinu eru einstaklingsmiðaðar og eru gerðar eftir þörfum hvers og eins. Það má því túlka niðurstöður þessarar rannsóknar á þann hátt að skipulag úrræðisins sé í samræmi við markmið þess. Þarfir notenda eru misjafnar og hver og einn hefur ólík markmið og breytilegt hvaða þætti er ætlað að ná fram eða bæta.

Þekking um valdeflingu bendir til að þjónusta sem miðar að því að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu sé áhrifarík. Jafnframt sýna niðurstöður fyrri rannsókna að notendur eru ánægðir með þjónustu sem er veitt á jafningjagrundvelli og þeir hafðir með í ráðum þar sem þeir hafa möguleika á því að hafa bein áhrif á þjónustuna. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við fyrri rannsóknir þar sem þátttakendur voru allir sammála um kosti þess að stjórna því sem gert er í úrræðinu. Notendur fá að vera með í ákvarðanatöku og dagskráin er gerð í samvinnu við notendur eftir þeirra þörfum og áhugamálum, og það eykur sjálfstraustið að finna eigin styrkleika og efla þá. Notendur eru best til þess fallnir að meta eigin þarfir og taka ákvörðun í málum er þá varða. Með valdeflingu er átt við að valdið færist frá þeim sem veita þjónustuna yfir til þjónustuþega

sem byggir á gagnkvæmri virðingu í samskiptum (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Þetta samræmist fyrirkomulaginu í Vopnabúrinu og eins og fyrr segir ákveða notendur sjálfir hvernig þjónustunni er háttað í hverjum tíma.

7.4 Aðferðir úrræðisins

Þær aðferðir sem beitt er í úrræðinu fela í sér að efla félagslega virkni, finna styrkleika notenda og byggja undir þá, efla sjálfstraust og sjálfsmynd ásamt hjálp til sjálfshjálpar. Í samræmi við þær aðferðir er hugmyndafræði félagsráðgjafar um að mæta notandanum þar sem hann er staddur höfð að leiðarljósi. Nýttar eru kenningar um valdeflingu, heildarsýn og tengslamyndandi nálgun. Vistfræðikenningin, þar sem miðað er við að sjá barnið út frá umhverfi þess, fellur einnig að hugmyndum um heildarsýn þar sem horft er á mál fjölskyldna sem eina heild og tekið tillit til allra þátta. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar og upplýsingum frá úrræðinu er miðað að við að beita þeirri hugmyndafræði þar, áherslan er þó helst á notandann sjálfan, en markmiðið er að geta veitt þjónustu til fjölskyldu í heild. Hugmyndum um valdeflingu er beitt í daglegri dagskrá með notendum úrræðisins og eins og fyrr hefur komið fram hafa notendur mikil áhrif á þjónustuna sem þeir fá hjá Vopnabúrinu.

Þegar byggja á upp tengsl er grundvöllur þess gagnkvæmt traust og nærvera (Backett og Taylor, 2016). Tengslakenningar hafa verið veigamiklar í þróun félagsráðgjafar og eru þær því hluti af verkfærakistunni (Sæunn Kristjánsdóttir, 2021). Bowlby talaði fyrir því að fagaðilar sinni börnum í fjarveru umönnunaraðila (Holmes, 2014). Hér er hægt að yfirfæra þessi ummæli hans yfir á Vopnabúrið þar sem lagt er upp með að fagaðili sinni notendum. Fagfólk, sem hefur bæði þekkingu og skilning á tilfinningum barna og ungmenna ásamt þörfum þeirra, er best til þess fallið að sinna þjónustu við þau og afar dýrmætur mannauður.

Má því álykta að aðferðir úrræðisins séu í samræmi við hugmyndafræði sem lagt er upp með að vinna út frá. Það má túlka þannig að valdefling og styrkleikamiðuð nálgun sé veigamest og einkenni starfið í Vopnabúrinu. Einnig má túlka upplifun þátttakenda þessarar rannsóknar á þann hátt að aðferðir sem beitt er falli að hugmyndafræðinni. Gott er þó að hafa í huga að þátttakendur voru fáir og því ekki hægt að alhæfa yfir hóp allra notenda eða barna með fjölpættan vanda almennt.

8 Lokaorð

Haustið 2021, þegar ég hóf starfsnám í Vopnabúrinu, var það fremur framandi og ólíkt þeirri hugmynd sem ég hafði um starfsnám í félagsráðgjöf. Starfið í Vopnabúrinu, og þá einkum hugmyndin á bak við úrræðið, vakti mikinn áhuga, hvernig unnið var á einstaklingsmiðaðan hátt út frá hugmyndafræði félagsráðgjafar með notandann við stýrið. Það má segja að fjölþætt, samþætt og snemmtæk þjónusta sé rauði þráðurinn í þessari ritgerð. Því var afar ánægjulegt að sjá farsældarlögin verða að veruleika og áhugavert verður að fylgjast með þeirri þróun með vonir um að kerfisbreytingin sem lagt er upp með muni skila sér beint í bættri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Það er mikilvægt að hugmyndafræði og markmið úrræða fyrir börn og ungmenni mæti þörfum notenda. Í Vopnabúrinu er skipulagið einstaklingsmiðað og miðar að því að mæta þörfum hvers og eins. Notaðir eru ASEBA matslistar til þess að kortleggja vandann, styrkleika og líðan sem gefur möguleika á að fylgja einstaklingnum vel eftir út frá niðurstöðum matslistans.

Í viðtölunum við notendur Vopnabúrsins lék enginn vafi á því að þeim þátttakendum sem þóku þótt í þessari rannsókn líður mjög vel í úrræðinu. Þeim var mætt þar sem þeir eru staddir og þörfum þeirra er mætt af virðingu. Þátttakendur fundu fyrir miklu trausti í sinn garð, að byggja upp eigin velgengni og bæta sig í eigin lífi. Upplifun notenda skiptir miklu máli við mat á úrræðinu, því að það eru þeir sjálfir sem eru sérfræðingar í eigin lífi og eru best til þess fallnir að greina frá því hverjar þarfir þeirra eru. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingu um hversu þarft er að byggja upp úrræði líkt og Vopnabúrið fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda þar sem notandinn stýrir þjónustunni. Einn þátttakandi lýsir vel hvernig líðan hans breyttist til hins betra eftir þátttöku í Vopnabúrinu með þessum orðum: „áður en ég byrjaði þá var eins og ég væri með tvo steypireyði á hvorri öxl sko og núna bara ekki með neitt sko, ég er bara miklu léttari.“

Ólöf Pétursdóttir

Heimildaskrá

- Ainsworth, M., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. (ritstjórar). (1978). Patterns of attachment: A psychological study of the Strange Situation. Lawrence Erlbaum Associates Inc.
- American Psychiatric Association. (e.d). About DSM-5.
<http://www.psychiatry.org/psychiatrists/practice/dsm/about-dsm>
- Anderson, L. M., Shinn, C., Fullilove, M. T., Scrimshaw, S. C., Fielding, J. E., Normand, J., Carande-Kulis, V. G., Task Force on Community Preventive Services. (2003). The effectiveness of early childhood development programs. A systematic review. *American Journal of Preventive Medicine*, 24(3), 32–46. [https://doi.org/10.1016/S0749-3797\(02\)00655-4](https://doi.org/10.1016/S0749-3797(02)00655-4)
- Anna Björg Aradóttir. (2006). Félagsauður – fjárfesting í samhug.
https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item14758/Felagsaudur_-_fjarfesting_i_samhug
- Anna Eygló Karlsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hákon Sigursteinsson, Helena Unnarsdóttir, Hildigunnur Árnadóttir og Ragna Sigríður Reynisdóttir. (2021). Staða barna með fjölpættan vanda: skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu.
https://ssh.is/images/stories/Kynningarfundir/Skyrsla_v_barna_med_fjolthaettan_v_anda_Apr%C3%ADL_2021.pdf
- Askheim, O.P. og Starrin, B. (2010). Empowerment i teori og praksis. Gyldendal.
- Aubery, K. og Riley, A. (2016). Understanding and using educational theories. Sage
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-a). *MST fjölkerfameðferð*.
<https://www.bvs.is/urraedi/mst/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-b). *Stuðlar*. <https://www.bvs.is/urraedi/studlar/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (e.d.-c). *Úrræði sveitarfélaga*.
<https://www.bvs.is/farsaeld/urraedi-sveitarfelaga/>
- Barna- og fjölskyldustofa. (2022). Skilgreininga- og flokkunarkerfi í barnavernd 3. útgáfa.
<https://www.bvs.is/media/almeningur/SOF-kerfi-3.-utgafa-2022-1.pdf>
- Barnaverndarlög nr. 80/2002
- Barnaverndarstofa. (2021). *Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2020*.
https://www.bvs.is/media/almeningur/Barnaverndarstofa_arsskyrsla2020_Loautgafa-ny.pdf

- Barnaverndarstofa. (2022a). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2019 – 2021*. <https://www.bvs.is/media/almenningur/Samanburdur-allt-arid-2019-2020-2021-tilkynningar-januar-2022.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2022b). *Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2020*. <https://www.bvs.is/media/almenningur/Arskyrsla-bvn-2020.pdf>
- Beckett, C. og Taylor, H. (2016). *Human Growth and Development* (3. útgáfa). Sage.
- Berk, L. E. (2007). *Development Through the lifespan*. Pearson/Ally and Bacon.
- Bowlby, J. (1951). *Maternal care and mental health*. World Health Organization.
- Bowlby J. (1969). *Attachment and loss, Vol. 1: Attachment*. Basic Books.
- Boyd, B. A., McCarty, C. H. og Sethi, C. (2014). Families of children with autism: A synthesis of family routines literature. *Journal of Occupational Science*, 21(3), 322-333. <https://doi.org/10.1080/14427591.2014.908816>
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í Richardson, J. (ritstjóri), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 241- 258). Greenwood press.
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiment by nature and design*. Harvard university press
- Bronfenbrenner, U. (1995). Developmental ecology through space and time: A future perspective. Í P. Moen, G. H. Elder og K. Lüscher (ritstjórar), *Examining lives in context: Perspectives on the ecology of human development* (bls. 619-647). American Psychological Association <https://doi.org/10.1037/10176-018>
- Brown, R. A., Abrantes, A. M., Minami, H., Prince, M. A., Bloom, E. L., Apodaca, T. R., Strong, D. R., Picotte, D. M., Monti, P. M., MacPherson, L., Matsko, S. V. og Hunt, J. I. (2015). Motivational interviewing to reduce substance use in adolescents with psychiatric comorbidity. *Journal of substance abuse treatment*, 59(1), 20-29. <https://doi.org/10.1016/j.jsat.2015.06.016>
- Chamberlin, J. (1997). A working definition of empowerment. *Psychiatric Rehabilitation Journal* 20(4), 43-46. <http://polkcountypbsn.org/wp-content/uploads/2012/10/Working-definition-of-empowerment.pdf>
- Childs, K. K., Brady, C. M., Cameron, A. L. J. og Kaukinen, C. (2020). The Role of Family Structure and Family Processes Adolescent Problem Behavior. *Deviant Behavior*, 43(1), 1-16. <https://doi.org/10.1080/01639625.2020.1771128>
- Chodorow, N. J. (1999). *The Reproduction of Motherhood*. University of California Press.
- Coleman, J. S. (1988). Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*, 94(1), 95- 120. <https://www.journals.uchicago.edu/doi/abs/10.1086/228943>

- Cornelius, J. R., Maisto, S. A., Wood, D. S., Martin, C. S., Salloum, I. M. og Daley, D. (2004). Major depression associated with earlier alcohol relapse in treated teens with alcohol use disorder. *Addictive Behaviors*, 29(5), 1035-1038. <https://doi.org/10.1016/j.addbeh.2004.02.056>
- Elín Ebba Ásmundsdóttir. (2006). Geðrækt geðsjúkra – að ná tökum á tilverunni. *Iðjupálfinn – fagblað iðjupjálfa*, 29(2), 13-21. <https://www.ii.is/media/prufur/Elin-Ebba-Asmundsdottir.-2007.-Gedraekt-gedsjukra---Ad-na-tokum-a-tilverunni.pdf>
- Embætti landlæknis. (2020). *Vísindamenn rannsaka líðan þjóðar á tímum COVID-19*. <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item41230/visindamenn-rannsaka-lidan-thjodarinnar-a-timum-covid-19>
- Eme, R. (2013). Male adolescent substance use disorder and attention-deficit hyperactivity disorder: A review of the literature. *International Scholarly Research Notices*, 2013 (1), 815096. <https://doi.org/10.1155/2013/815096>
- Erikson, E. H. (1980). *Identity and the life cycle*. W.W. Norton & Co.
- Farrington, D., og Welsh, B. (2006). Saving Children from a Life of Crime: Early Risk Factors and Effective Interventions
- Ferguson, K. M. (2006). Social capital and childrens' wellbeing: a critical synthesis of the international social capital literature. *International journal of social welfare*, 15(1), 2-18. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2397.2006.00575.x>
- Félagsmálaráðuneytið. (2019). *Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna*. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Breytingar%20%C3%AD%20%C3%BE%3%A1gu%20barna%20-%20sam%C3%BE%3%A6tting%20%C3%BEj%3%B3nustu.pdf>
- Félagsmálaráðuneytið. (2020). *Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum*. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Fatlad-folk/Lei%3%b0beiningar%20til%20sveitarf%3%a9laga%20um%20stu%3%b0nings%3%bej%3%b3nustu%20skv.%20l%3%b6gum%20nr.%2040%201991.pdf>
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d). *Síðareglur félagsráðgjafa á Íslandi*. <https://felagsradgjof.is/felagsradgjof/sidareglur/>
- Freydís J. Freysteinsdóttir, (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) 2. útgáfa*. <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/01/Lokautgafa-SOF-2-121212.pdf>
- Fukuyama, F. (2001). Social capital, civil society and development. *Third World Quarterly*, 22(1), 7-20. <https://doi.org/10.1080/713701144>
- Garðabær. (e.d.). *Fatlað fólk*. <https://www.gardabaer.is/ibuar/velferd/fatlad-folk/>

- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Háskólaútgáfan.
- Glover, T. D. og Hemingway, J. (2005). Locating Leisure in the Social Capital Literature. *Journal of Leisure Research*, 37(4), 387-401. <https://doi.org/10.1080/00222216.2005.11950059>
- Goldstein, E. G. (2001). *Object relations: Theory and self psychology in social work practice*. The Free Press.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. e.d. *Proskahömlun*. <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>
- Grossmann, K.E. og Grossmann, K. og Waters, E. (2005). *Attachment from Infancy to Adulthood: The Major Longitudinal Studies*. The Guildford Press.
- Gruber, K. J., Poole, K. J, Graves, K. N. og Richburg, A. M. (2020). Addressing treatment capacity of uninsured adults with co-occurring disorders. *Advances in dual diagnosis*, 13(3), 111-121. <https://doi.org/10.1108/ADD-04-2020-0003>
- Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2015). Hliðvörður - hvert er hlutverk þitt? : þátttaka barna í rannsóknunum. *Netrla- Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/247>
- Gunnhildur Jakobsdóttir, Þóra Leósdóttir og Snæfríður Þóra Egilsdóttir. (2017). Samfélagsþátttaka einhverfra barna: Viðhorf foreldra. *Iðjubjálfinn*. 6-13. <http://www.ii.is/media/ritryndar-greinar/Gunnhildur-o.fl.--2017--Samfelagsthattaka-einhverfra-barna.pdf>
- Gustavsen, G. W., Nayga, Rodolfo M. Jr., og Wu, X. (2016). Effects of Parental Divorce on Teenage Children's Risk Behaviors: Incidence and Persistence. *Journal of Family and Economic Issues*, 37(3), 474-487. <http://dx.doi.org/10.1007/s10834-015-9460-5>
- Hafnarfjörður. (e.d.). *Stuðningsþjónustan Brúin*. <https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/studningur-fyrir-born-og-ungmenni/>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006). *Valdefling. Glíma við margrætt hugtak. Fötlun hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Háskóla útgáfan.
- Haydon, A., McRee, A. L. og Halpern, C. T. (2011). Risk-Taking Behavior. *Encyclopedia of Adolescence*, 3, 255-263. <https://doi.org/10.1016/B978-0-12-373951-3.00129-0>
- Healy, T. (2004). Social Capital: Old Hat or New Insight?. *Irish journal of sociology*, 13(1), 5-28. <https://doi.org/10.1177/079160350401300101>
- Heckman, J. J. (2012). *Invest in early childhood development: Reduce deficits, strengthen the economy*. www.co.monterey.ca.us/home/showdocument?id=17884

- Helga Einarsdóttir. (2017). *Sérniðin úrræði út frá þörfum barns. Viðhorf barnaverndarstarfsmanna til meðferðarúrræða Barnaverndastofu* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman.
<https://skemman.is/bitstream/1946/29009/1/Helga%20Einarsd%20c3%b3ttir.pdf>
- Hill, H. A. (2007). Treating adolescents with co-occurring disorders. *Florida Certification Board/Southern Coast ATTC Monograph Series, 2*.
- Hipolito-Delgado, C. og Lee, C.C. (2007). Empowerment theory for the professional school counselor: A manifesto for what really matters. *Professional School Counseling, 10*(4), 327-332. <https://doi.org/10.1177/2156759X0701000401>
- Holmes, J. (2014). *John Bowlby and attachment theory* (2. útgáfa). Routledge.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sigurður Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 111-127). Háskóli Íslands
- Hrefna Pálsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Þorfinnur Skúlason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2018). *Ungt fólk 2018 Grunnskólanemar 8., 9., 10. Bekkur*. <https://www.rannsoknir.is/wp-content/uploads/2020/04/Ungt-f%C3%B3lk-2018-8.-9.-10.-bekkur.pdf>
- Häuberer, (2011). The Founding Concepts of Social Capital - Bourdieu's Theory of Capital and Coleman's Rational-Choice Approach to Social Capital. *Social Capital Theory, 35-51*. https://doi.org/10.1007/978-3-531-92646-9_2
- Jupp, V. (2006). *The Sage dictionary of social research methods*. Sage.
- Kópavogur. (e.d.). *Börn og fjölskyldur*. <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd/born-og-fjolskyldur>
- Lára Björnsdóttir, Halldór S. Guðmundsson, Kristín Sigursveinsdóttir og Auður Axelsdóttir. (2011). *Ný sjónarhorn og leiðir til bættrar geðheilsu*. https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-ogskyrslur2012/is_skyrsla_valdefling_og_gedheilbrigdi.pdf
- Lára Björnsdóttir. (2013). Frá valdaleysi til valdeflingar. *Tímarit félagsráðgjafa, 7*(1), 41-46. <https://www.proquest.com/docview/2015775657?pq-origsite=gscholar&fromopenview=true>
- Leonard, M. (2005). Children, Childhood and Social Capital: Exploring the Links. *Sociology, 39*(4), 605-622. <https://doi.org/10.1177/0038038505052490>
- Lichtenstein, D. P., Spirito, A. og Zimmermann, R. P. (2010). Assessing and treating cooccurring disorders in adolescents: Examining typical practice of community-based mental health and substance use treatment providers. *Community Mental Health Journal, 46*, 252-257. doi:10.1007/s10597-009-9239-y

- Liddle, H. A., Dakof, G. A., Rowe, C. L., Henderson, C., Greenbaum, P., Wang, W. og Alberga, L. (2018). Multidimensional Family Therapy as a community-based alternative to residential treatment for adolescents with substance use and co-occurring mental health disorders, *Journal of substance abuse treatment*, 90(1), 47-56. <https://doi.org/10.1016/j.jsat.2018.04.011>
- Loke, A. Y., og Mak, Y. (2013). Family Process and Peer Influences on Substance Use by Adolescents. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 10(9), 3868-85. <https://www.proquest.com/docview/1468935888>
- Love, J. M., Kisker, E. E., Ross, C., Raikes, H., Constantine, J., Boller, K., Brooks-Gunn, J., Chazan-Cohen, R., Tarullo, L. B., Brady-Smith, C., Fuligni, A. S., Schochet, P. Z., Paulsell, D., og Vogel, C. (2005). The effectiveness of early head start for 3-year-old children and their parents: lessons for policy and programs. *Developmental Psychology*, 41(6), 885–901. doi:10.1037/0012-1649.41.6.88
- Lög um barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021
- Lög um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 80/2018
- Lög um Ráðgjafar og greiningarstöð nr. 83/2003
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018
- Main M. og Solomon, J. (1990). Procedures for identifying infants as disorganized/disoriented during the Ainsworth Strange Situation. Í M. T. Greenberg, D. Cicchetti og E. M. Cummings (ritstjórar), *The John D. and Catherine T. MacArthur Foundation series on mental health and development. Attachment in the preschool years: Theory, research, and intervention* (bls. 121-160). University of Chicago Press.
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir (2021). Réttmæti og áreiðanleiki í eiginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: handbók í aðferðafræði* (bls. 219-236). Háskólinn á Akureyri.
- Margrét María Sigurðardóttir. (2015, 30. Janúar). *Skortur á úrræðum fyrir börn með tví- og fjölþættan vanda. Umboðsmaður barna*. <https://www.barn.is/frettir/skortur-a-urraedum-fyrir-born-med-tvi--eda-fjolthaettan-vanda>
- McConnell, D., Breitreuz, R., Uditsky, B., Sobsey, R., Rempel, G., Savage, A. o.fl. (2013). *Family Life: Children with Disabilities and the Fabric of Everyday Family Life*. https://www.researchgate.net/publication/259755859_Children_with_Disabilities_and_the_Fabric_of_Everyday_Family_Life

- McKee, S. A., Harris, G. T. og Cormier, C. A. (2013). Implementing Residential Integrated Treatment for Co-occurring Disorders. *Journal of dual diagnosis*, 9(3), 249-259. <https://doi.org/10.1080/15504263.2013.807073>
- More, A., Jackson, B., Dimmock, J. A., Thornton, A. L., Colthart, A. og Furzer, B. J. (2017). Exercise in the treatment of youth substance use disorders: Review and recommendations. *Frontiers in Psychology*, 8(1), 1839. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2017.01839>
- More, A., Jackson, B., Dimmock, J. A., Thornton, A. L., Colthart, A. og Furzer, B. J. (2018). "It's like a counselling session... but you don't need to say anything:" Exercise program outcomes for youth within a drug and alcohol treatment service. *Psychology of Sport and Exercise*, 39(1), 1-9. <https://doi.org/10.1016/j.psychsport.2018.07.002>
- Neuman, W. L. (2013). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches*. Allyn og Bacon.
- Padgett, D.K. (2017). *Qualitative methods in social work research* (3. útgáfa). Sage
- Patterson, G.R., Debarryshe, B. og Ramsey, E. (1989). A developmental perspective on antisocial behavior. *American Psychologist*, 44, 329-335. [https://doi.org/10.1016/S0749-3797\(02\)00655-4](https://doi.org/10.1016/S0749-3797(02)00655-4)
- Putnam, R. D. (1995). Bowling Alone: America's Declining Social Capital. *Journal of Democracy*, 6(1), 65-78. <https://doi.org/10.1353/jod.1995.0002>
- Putnam, R. (2000). *Bowling alone. The collaps and revival of American Community*. Simon & Shulster.
- Rannsóknir og greining. (e.d). *Íslenska módelið*. <https://rannsoknir.is/islenska-modelid/>
- Rannsókn og greining. (2021). *Lýðheilsa framhaldsskólanema Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi í nóvember 2021*. https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2022/04/Heildarskyrsla_2021.pdf
- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (e.d.). *Proskahömlun*. <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>
- Rebeiro, K. L., Day, D. G., Semeniuk, B., O'Brien, M. C. og Wilson, B. (2001). Northern initiative for social action: An occupation based mental health program. *American Journal of Occupational Therapy*, 55(5), 493-500. <https://doi.org/10.5014/ajot.55.5.493>
- Reykjavík. (e.d.). *Stuðningsþjónusta fyrir börn og fjölskyldur*. <https://reykjavik.is/studningsthjonusta-fyrir-born-og-fjolskyldur>
- Rúnar Vilhjálmsson. (2011). Fjölskyldugerð, aðhald og stuðningur foreldra og áfengisnotkun unglinga. *Research in Social Sciences*, 12, 473-479. <https://www.researchgate.net/profile/Runar->

Vilhjalmsson/publication/235764916_Fjolskyldugerd_adhald_og_studningur_foreldr
a_og_afengisnotkun_unglinga_Family_structure_parental_support_and_control_an
d_adolescent_alcohol_use/links/02bfe5134f791b7114000000/Fjoelskyldugerd-
adhald-og-studningur-foreldra-og-afengisnotkun-unglinga-Family-structure-
parental-support-and-control-and-adolescent-alcohol-use.pdf

Ryen, A. (2011). *Ethics and qualitative research*. Sage

Saddock, B. J. og Saddock, V. A. (2015). *Kaplan & Sadock's Synopsis of Psychiatry – Behavioral Sciences/ Clinical Psychiatry* (11. útgáfa). Lippincott Williams & Wilkins.

Schutt, R. K. og Rogers, E. S. (2009). Empowerment and peer support: Structure and process of self-help in consumerrun center for individuals with mental illness. *Journal of Community Psychology*, 37(6), 697-710.
<https://doi.org/10.1002/jcop.20325>

Selma Guðbrandsdóttir. (2021). „Bakpokinn var tekinn“: *Upplifun foreldra af Fjölkerfameðferð (MST)* [óútgefin meistararitgerð]. Skemman.
<https://skemman.is/handle/1946/40111>

Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: handbók í aðferðafræði* (bls. 191-204). Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks. Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.

Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2016). Námserfiðleikar og velgengni í námi: Um mikilvægi stuðnings. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-19
https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/02_ryn_arsrit_2016.pdf

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu - eitt sérsviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar). *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir (2021). Grunnþættir í siðfræði rannsókna. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: handbók í aðferðafræði* (bls. 99- 115). Háskólinn á Akureyri.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Í Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls.219-235). Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). Háskólinn á Akureyri.

Sólrún Erlingsdóttir og Anna María Jónsdóttir. (2019). Lengi býr að fyrstu gerð. *Geðvernd rit Geðverndarfélags Íslands*, 48(1), 6-15.
<https://gedvernd.is/wpcontent/uploads/2020/03/Ge%C3%B0vernd-2019.pdf>

Sroufe, L. A. Og Rutter, M. (1984). The Domain of Developmental Psychopathology. *Child Development*, 55(1), 17-29. <https://doi.org/10.2307/1129832>

- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-a). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/barnasattmalinn/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-b). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/>
- Stjórnarráð Íslands, (2022). Málefni barna. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/>
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Ísland nr. 33/1944
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem engin man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Mál og menning.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2021). Tengslakenning John Bowlby. *Ritið*, 21(1), 141-156. <https://doi.org/10.33112/ritid.21.1.8>
- Tareen, R. S. og Tareen A. N. (2015). Attachment and mental health issues in the newborn. *Journal of Alternative Medicine Research*, 7(3), 203-214. <https://www.proquest.com/docview/1751288637?pq-origsite=gscholar&fromopenview=true>
- Thelma Þorbergsdóttir. (2011). Fjölkerfameðferð. Mat félagsráðgjafa innan barnaverndar á meðferðarúrræðinu MST [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. https://skemman.is/bitstream/1946/10386/2/Thelma%20%20c3%9eorbergsd%20%20c3%b3tir%20MA%20ritger%20%20c3%b0_locked.pdf
- Townsend, E. (1998). *Good intentions overruled. A critique of empowerment in the routine organization of mental health services*. University of Toronto Press Incorporated.
- Tryggvi Sigurðsson. (2006). *Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir*. <https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>
- Tøssebro, J., og Wendelborg, C. (2015). Ordinary or Not? Families of Children Growing Up with Disabilities. Í R. Traustadóttir, B. Ytterhus, S. T. Egilson, og B. Berg (Ritstj.), *Childhood and Disability in the Nordic Countries* (bls. 199-213). https://doi.org/10.1057/9781137032645_13
- Umboðsmaður barna. (2015). *Skýrsla umboðsmanns barna 2015*. <https://www.barn.is/media/arsskyrslur/SUB-2015.pdf>
- Unrau, Y. A., Gabor, P. A., og Grinnell, R. M. (2007). *Evaluation in social work: The art and science of practice*. Oxford University Press.
- Velferðarráðuneytið. (2013). *Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir*. <https://www.bvs.is/media/rannsoknir-i-bv/Skyrsla-um-samhaefda-thjonustu.pdf>

- Wallin, D. J. (2007). *Attachment in Psychotherapy*. The Guilford Press.
- Wang, M. T., & Fredricks, J. A. (2014). The reciprocal links between school engagement, youth problem behaviors, and school dropout during adolescence. *Child development, 85*(2), 722-737. <https://doi.org/10.1111/cdev.12138>
- Weiss, C. H. (1972). *Evaluation research: methods for assessing program effectiveness*. Englewood Cliffs.
- Wieland, J. og Zitman, F.G. (2016). It is time to bring borderline intellectual functioning back into the main fold of classification systems. *BJPsych Bulletin, 40*(4), 204-206. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4967780/>
- World health organization. (e.d). *International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems (ICD)*. https://www.who.int/standards/classifications/classification-of-diseases?fbclid=IwAR26tCJmYTOUyGyljztISUCPIG0tLT08ranJW3MgKU_eK_8Mt7s0KoZnP3U
- Yegidis, B. L., Weinbach, R. W. og Myers, L. L. (2018). *Research Methods for Social Workers*. Pearson.
- Þingskjal nr. 440/2020-2021. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Þóra Leostóttir. (2011). *Saga Greiningar- og ráðgjafarstöðvar*. Ráðgjafar- og greiningarstöð. <https://www.greining.is/is/moya/page/saga-greiningar-og-radgjafarstodvar>

Viðauki 1 – Kynningarbréf

Reykjavík, 2022

Ágæti viðtakandi,

Ég heiti Ólöf Pétursdóttir og er í meistaranámi til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ég er að vinna að lokaverkefni mínu sem er rannsókn sem fjallar um viðhorf skjólstæðinga Vopnabúrsins til úrræðisins. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja árangur Vopnabúrsins, hvernig úrræðið mætir þörfum barna með fjölþættan vanda og út frá hvaða aðferðum eða hugmyndafræði er unnið. Tilgangurinn er að varpa ljósi á starfsemi þessa nýja úrræðis sem vinnur með börnum og ungmennum, sem hefur það að leiðarljósi að bæta félagslega stöðu þeirra í samfélaginu. Leiðbeinandi og ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Erla Björg Sigurðardóttir lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Ég óska eftir því að eiga viðtal við skjólstæðinga Vopnabúrsins ásamt þeim sem hafa lokið þátttöku í úrræðinu. Viðtalið mun fara fram í húsnæði Vopnabúrsins, Bæjarhrauni 2 og mun taka um það bil 30 mínútur. Ég tel mikivægt að raddir barna fái að heyrast þegar kemur að því að meta úrræði sem er ætlað fyrir þau.

Viðtölin verða hljóðrituð og í kjölfarið afrituð. Að lokum verður unnið úr niðurstöðum og öllum gögnum eytt að rannsókn lokinni. Viðtölin eru meðhöndluð sem trúnaðargögn og öllum kröfum um trúnað og nafnleynd verður fylgt, því verða upplýsingarnar ekki persónugreinanlegar. Framlag þátttakenda er forsenda þess að unnt sé að framkvæma rannsóknina en þátttakendum er þó frjálst að hætta eða hafna þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án frekari útskýringa. Hægt er að hafa samband við mig eða ábyrgðaraðila rannsóknarinnar ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,

Ólöf Pétursdóttir, rannsakandi

Netfang: olp8@hi.is

Erla Björg Sigurðardóttir, ábyrgðaraðili

Netfang: ebs@hi.is

Viðauki 2 – Viðtalsvísir – Upplýsingaviðtal við framkvæmdarstjóra Vopnabúrsins

1. Hvenær var úrræðið stofnað?
2. Hvaðan kemur hugmyndin að úrræðinu?
3. Hversu margir starfsmenn eru hjá Vopnabúrinu?
4. Hvaða menntun og reynslu hafa þeir?
5. Hvaðan koma skjólstæðingarnir í úrræðið?
6. Hver eru inntöku skilyrðin fyrir þátttöku?
7. Hvað eru margir skjólstæðingar hverju sinni?
8. Hvernig er staðið að úrræðinu?
9. Er skipulögð dagskrá í úrræðinu?
10. Hvað felur dagskrá úrræðisins í sér?
11. Hvert er markmið úrræðisins?
12. Hver er hugmyndafræðin á bak við úrræðið?
13. Eru notaðar gagnreyndar aðferðir? Hverjar?
14. Hvernig eru þarfir skjólstæðinga metnar?
15. Er notast við matstæki? Ef já, hvaða?
16. Er verið að nota niðurstöður úr matstæki? Hvernig þá?
17. Er endurmat?
18. Er gerð áætlun í málum skjólstæðinga?
19. Eru einstaklingsáætlanir?
20. Hvernig er þörfum skjólstæðinga mætt?
21. Hvaða þætti er helst verið að einblýna á í Vopnabúrinu?
22. Hverjar eru væntingar Vopnabúrsins til skjólstæðinga?
23. Fær úrræðið viðbrögð foreldra? Ef já, hver eru þau?
24. Er Vopnabúrið í samstarfi við aðra fagaðila eða stofnanir sem koma að máli skjólstæðingsins? Ef já, hverja og hvernig er því háttað?
25. Er eftirfylgd með skjólstæðingum eftir að þátttöku í úrræðinu lýkur?
26. Ef já, Hvernig er skjólstæðingum að ganga eftir að þau hætta þátttöku í úrræðinu?

Viðauki 3 – Viðtalsvísir þátttakanda

Bakgrunnsspurningar

1. Aldur?
2. Kyn?
3. Í hvaða sveitarfélagi býrð þú?
4. Ertu í skóla? (í hvaða bekk? Framhaldsskóla?)

Spurningar

5. Hvað hefur þú verið lengi í Vopnabúrinu?
6. Hvað mætir þú oft í Vopnabúrið? Í vikur/mánuði
7. Hver tók ákvörðun um að þú ættir að mæta í Vopnabúrið?
8. Fékkst þú að vera með í þeirri ákvörðun?
9. Hver kynnti úrræðið fyrir þér?
10. Hvernig er hefðbundin tími hjá þér í Vopnabúrinu?
11. Er ákveðin dagskrá þá daga sem þú mætir í Vopnabúrið?
12. Hvað er á dagskrá? (hverslags virkni)
13. Færð þú að ráða hvað þú gerir?
14. Ef já, hverju?
15. Hvernig líður þér í Vopnabúrinu?
16. Hvað finnst þér gagnast þér best af því sem fer fram í Vopnabúrinu?
17. Hefur eitthvað breyst í þínu lífi eftir að þú byrjaðir að koma í Vopnabúrið?
18. Ef já, hvað hefur breyst?
19. Er eitthvað sem þú mundir vilja að yrði gert betur eða breyta í Vopnabúrinu?
20. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í lokin?

Viðauki 4 – Upplýst samþykki þátttakanda

MA rannsókn í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands
Matsrannsókn á úrræðinu Vopnabúrið

Kæri þátttakandi

Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja árangur Vopnabúrsins, hvernig úrræðið mætir þörfum barna með fjölþættan vanda og út frá hvaða aðferðum eða hugmyndafræði er unnið. Tilgangurinn er að varpa ljósi á starfsemi þessa nýja úrræðis sem vinnur með börnum og ungmennum, sem hefur það að leiðarljósi að bæta félagslega stöðu þeirra í samfélaginu.

Með þátttöku felst eitt viðtal sem áætlað er að standi yfir í um það bil 30 mínútur. Gætt verður fyllsta trúnaðar við vinnslu rannsóknarinnar og viðtölin eru meðhöndluð sem trúnaðargögn. Öllum kröfum um nafnleynd verður fylgt samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þátttakendum er frjálst að hætta eða hafna þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án frekari útskýringa. Jafnframt er þátttakendum ekki skylt að svara einstaka spurningum ef þeir kæra sig ekki um að svara. Rannsakandi mun styðjast við viðtalsvísi til þess að stýra viðtalinu. Öll viðtölin verða hljóðrituð, afrituð og kóðuð. Að rannsókn lokinni mun öllum gögnum verða eytt.

Með undirskrift minni staðfesti ég þátttöku mína í rannsókn þessari og að mér hafi verið kynnt markmið og tilgangur hennar. Mér er ljóst hvað felst í þátttöku og er meðvituð/aður um að heimilt er að hætta þátttöku hvenær sem er.

Ég undirrituð/undirritaður samþykki þáttöku mína í rannsókninni.

Dagsetning

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Viðauki 5 – Upplýst samþykki til forsjáraðila þátttakanda

MA rannsókn í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands
Matsrannsókn á úrræðinu Vopnabúrið

Kæri forsjáraðili

Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja árangur Vopnabúrsins, hvernig úrræðið mætir þörfum barna með fjölþættan vanda og út frá hvaða aðferðum eða hugmyndafræði er unnið. Tilgangurinn er að varpa ljósi á starfsemi þessa nýja úrræðis sem vinnur með börnum og ungmennum, sem hefur það að leiðarljósi að bæta félagslega stöðu þeirra í samfélaginu.

Með þátttöku felst eitt viðtal sem áætlað er að standi yfir í um það bil 30 mínútur. Gætt verður fyllsta trúnaðar við vinnslu rannsóknarinnar og viðtölin eru meðhöndluð sem trúnaðargögn og öllum kröfum um nafnleynd verður fylgt. Þátttakendum er frjálst að hætta eða hafna þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án frekari útskýringa. Jafnframt er þátttakendum ekki skylt að svara einstaka spurningum ef þeir kæra sig ekki um að svara. Rannsakandi mun styðjast við viðtalsvísi til þess að stýra viðtalinu. Öll viðtölin verða hljóðrituð, afrituð og kóðuð. Að rannsókn lokinni mun öllum gögnum verða eytt.

Með undirskrift minni staðfesti ég þátttöku barnsins míns í rannsókn þessari og að mér hafi verið kynnt markmið og tilgangur hennar. Mér er ljóst hvað felst í þátttöku og er meðvituð/aður um að heimilt er að hætta þátttöku hvenær sem er.

Ég undirrituð/undirritaður samþykki þátttöku barnsins míns í rannsókninni.

Dagsetning

Undirskrift forsjáraðila

Undirskrift forsjáraðila

Undirskrift rannsakanda